



MARKAÐURINN



Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 16. janúar 2008 – 3. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Laxveiðisumarið
Engin kreppa í laxveiði



Metvelta í skuldabréfum
Ar skuldabréfanna runnið upp



Ásgeir Davíðsson
Keypti viskíflösku á milljón



KARPAÐ UM FISKVERÐIÐ Fiskverð á mörkuðum hérlendis hefur aldrei verið hærra en í fyrra.

Met í fisksölu

Verðmæti afla sem seldur er á innlendum fiskmörkuðum nam 15,5 milljörðum króna í fyrra og hefur aldrei verið meira.

Þrátt fyrir meira verðmæti var minna framboð en árið á undan. Meðalverð á hvert kíló var 159 krónur og hefur aldrei verið hærra.

Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða, segir að eftirspurn eftir fiski aukist stöðugt.

Hér á landi hefur verðmætið aukist mikið síðustu ár. Til að mynda nam það 11,5 milljörðum árið 2000 og hefur því aukist um fjóra milljarða. - ikh / Sjá síðu 12

FRÉTTIR VIKUNNAR

Landsbankinn Close Landsbankinn tilkynnti um hugsanlegt yfirtökutilboð bankans og Cenkos Securities í breska fjármálafyrirtækið Close Brothers Group.

World Class á markað Líkamsræktarkeðjan World Class verður hugsanlega skráð á markað, að sögn Björns Leifssonar eiganda. World Class rekur hér sjö líkamsræktarstöðvar, en að auki kom Björn að stofnun keðju í Danmörku sem nú rekur sextán líkamsræktarstöðvar.



Gnúpur samdi Fjárfestingarfélagið Gnúpur náði samkomulagi við lánardrottna um endurskipulagningu félagsins. Þá keypti Pálmi Haraldsson, oft kenndur við Fons, rúmlega sex prósent hlut Gnúps í FL Group á tíu milljarða króna.

Bætt aðgengi Samkvæmt nýjum reglum Seðlabankans verður íslenskum fjármálafyrirtækjum heimilt að leggja inn í Seðlabankann erlend bréf í erlendri mynt og svokölluð tryggð skuldabréf sem tryggingu fyrir lánunum í íslenskum krónum.

Barist við verðbólguþrátt Englandsbanki og Evrópski seðlabankinn héldu stýrivöxtum óbreyttum þrátt fyrir kröfu um lækkun. Verðbólguþrýstingur í skugga samdráttar stýrir ákvörðunum bankanna.

Keyptu Hamé Íslenska fjárfestingarfélagið Nordic Partners keypti Hamé, stórt matvæla-fyrirtæki í Mið- og Austur-Evrópu. Starfsmenn Hamé eru um þrjú þúsund og veltan í fyrra nam sautján milljörðum íslenskra króna.

Mikilvægt að halda rónni í erfiðu árferði

Grunnstaða fjármálafyrirtækjanna er góð, segir forstjóri FME. Búast má við meiri sveiflum í afkomu sparisjóða en banka. Verkefnin fram undan snúa að fjármögnun og samþættingu.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Ég held að í svona árferði sé mjög mikilvægt að halda ró sinni. Menn þurfa að greina tímabundna erfiðleika frá lengri tíma vandamálum,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME). Hann fór yfir stöðu fjármálafyrirtækja hér á fundi sem Félag um fjárfestatengsl hélt í gærmorgun í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Jónas segir undirstöðu bankanna almennt vera traustar og afkomu þeirra góða síðustu ár. Jafnvel þótt frá væru dregnar óreglulegar fjármagnstekjur og einungis litið til arðsemi af kjarnastarfsemi þá segir hann bankana fyllilega standast samanburð við norræna banka. „Eiginfjárlutfall þeirra er mjög sterkt og þeir geta staðist veruleg áföll.“ Flesta bankana segir hann geta bætt við útlánaáhættu því hún sé ágætlega dreifð og markaðsáhættu sé mætt með herra eiginfjárlutfalli

en gangi og gerist hjá norrænum bönkum. Aukin heldur segir Jónas að lækkun á gengi hlutabréfa bankanna hafi verið í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar.

En þrátt fyrir að staðan sé almennt traust segir Jónas ýmis verkefni fram undan. „Að mínu viti snúa þau helst að fjármögnun og samþættingu á starfsemi bankanna milli landa.“

Í máli sínu beindi Jónas sjónum helst að stóru bönkunum þremur, enda segir hann þá skipta mestu fyrir fjármálastöðugleikann. „Þeir standast samanburð við norræna banka, bæði hvað varðar hagkvæmni og arðsemi af kjarnastarfsemi. Þannig hefur arður af fjármálastarfsemi að miklu leyti verið viðbót við tekjurnar af kjarnastarfseminni.“ Öðru máli segir hann gegna um sparisjóðina þar sem hagnaður af kjarnastarfsemi hafi ekki verið nægilega mikill og fyrst og fremst borinn uppi af markaðsverðbréfum. „Því má búast við meiri sveiflum í afkomu þeirra en hjá bönkunum.“

Verðmæti gullforðans eykst

Seðlabankinn á tæp tvö tonn af gulli sem hefur snarhækkað í verði.

Verðmæti gullforða Seðlabankans hefur aukist um sjö hundruð milljónir króna undanfarinn einn og hálfan mánuð.

Heimsmarkaðsverð á gulli hefur hækkað mikið að undanfögnu og fór í 914 Bandaríkjadali á únsu í fyrradag. Viðlíka verð hefur aldrei sést fyrr.

Seðlabankinn geymir 64 þúsund únsur af gulli, eða sem nemur ríflega 1,8 tonnum. Gullforðinn hefur aukist um 4.000 únsur frá árinu 2000, eða sem nemur tæpum 115 kílóum.

Verðgildi gullsins nam þremur milljörðum og ríflega fjóurtíu milljónum betur í nóvember, en mánuði síðar hafði verðmæti þess vaxið í rúmlega 3,3 milljarða króna. Frá áramótum hefur gullverðið hækkað enn og má ætla að verðmæti Seðlabankagullsins nú veri ríflega 3,7 milljörðum króna.

Verð á gulli á heimsmarkaði hefur hækkað um rúmlega 50 prósent síðastliðna tólf mánuði. Helsta skýringin fyrir verðþróuninni er fjármálakrisan sem valdið

hefur hruni á hlutabréfamörkuðum víða um heim samfara mikilli gengislækkun á Bandaríkjadali en af þeim sökum hafa fjárfestar leitað skjóls í öruggari og hefðbundnari fjárfestingakostum, svo sem í gulli og öðrum málmum.

Darren Heathcote, sérfræðingur hjá fjármálafyrirtækinu Investec Australia, segir í samtali við Associated Press-fréttastofuna í gær að þótt verðið sé hátt nú sé enn rými fyrir frekari verðhækkun vegna óvissunar á fjármálamörkuðum. - jab/ikh

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 15,5%*
- GBP 6,0%*
- DKK 4,7%*
- USD 5,0%*
- EUR 4,0%*
- CAD 5,0%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóslýsingar og útdráttar úr útbóslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. des. 2007 – 3. jan. 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-4,4%	-7,0%
Bakkavör	-1,7%	-12,1%
Exista	-7,3%	-23,3%
FL Group	-12,3%	-23,5%
Glitnir	-1,0%	-8,0%
Eimskipafélagið	-6,2%	-8,1%
Icelandair	1,1%	-3,2%
Kaupþing	-6,0%	-16,3%
Landsbankinn	-1,5%	-10,0%
Marel	1,5%	0,0%
SPRON	1,5%	-11,8%
Straumur	-4,8%	-11,6%
Teymi	-0,5%	-2,9%
Össur	-3,1%	-4,6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Nær allir samþykkir yfirtöku Stork

Tilkynnt fyrir lok dags á morgun hvort skilyrðum hafi verið fullnægt.

Handhfarar 98 prósent hlutfjár iðnsamstæðunnar Stork N.V. í Hollandi hafa samþykkt yfirtökutilboð London Acquisition. Tilboðið rann út á mánudag, en að félaginu standa Breski fjárfestingarsjóðurinn Candover og íslensku félögin Eyrir Invest og Landsbanki Íslands.

Samþykkt hefur verið sala á 26.316.919 hlutum á 48,4 evrum á hlut, en það jafngildir 84,2 prósentum af útgefnu og úti-standandi hlutafé Stork. Verð-



mæti hlutarins nemur tæplega 1,3 milljörðum evra, eða sem svarar rétt rúmlega 121 milljarði króna.

Að auki hefur verið samið um sölu 11 prósent hlutar eignarhaldsfélagsins Ioliet Beheer B.V, sem er í eigu Landsbankans, Eyrir og Marel Food Systems, að því gefnu að yfirtökutilboðið verði lýst skilyrðislaust.

Dá voru við lok tilboðstímans þriggja prósent eignarhlutur í Stork í eigu félagsins sjálfs.

Alls eru þetta 98 prósent hlutfjár í félaginu.

Í tilkynningu Stork kemur fram að í samræmi við hollensk yfirtökulög beri London Acquisition að upplýsa á eða fyrir morgundaginn (17. janúar) hvort skilyrðum yfirtökunnar hafi verið fullnægt og hvort tilboðið verði lýst skilyrðislaust.

- óká

Erfitt framan af

Gildi Úrvalsvisítölu Kauphallarinnar er spáð í 7.200 stig í lok þessa árs í afkomuspá sem Glitnir birti í gær. „Við spáum því að árið 2008 verði hlutabréfamarkaður nokkuð erfiður framan af, en gerum ráð fyrir bata frá því sem verið hefur undanfarna tvo áratugi,“ segir í spánni.

Hækkun á fyrstu mánuðum ársins verður lítil samkvæmt spánni. „Markaðir munu ekki taka við sér fyrr en fyrir liggur hvert endanlegt tjón verður af völdum annars flokks húsnæðis-lána í Bandaríkjunum og hverjir beri það tjón.“

- óká

Seðlabanki Íslands leggist líka á árar

Andstaða við evruhlutabréf sætir gagnrýni.

Tilkynning Seðlabankans um rýmkaðar reglur um veðhæf verðbréf hjálpa bönkunum í erfiðu umhverfi fjármálaóróleika, að mati Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans. Hún segir þó betur mega ef duga skuli. „Ég myndi vilja sjá Seðlabankann skoða betur hvernig hann getur fylgt bönkunum eftir erlendis og hjálpað þeim að tryggja sér lausafé í erlendri mynt.“

Edda Rós segir öllu skipta fyrir bankana að bæta fjármögnunarkjör sín, en við núverandi aðstæður geri þeir ekki annað en halda sjó. Hún flutti í gær erindi á fundi um horfur á fjármála-markaði hér.

Á sama fundi sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, neikvætt að Seðlabankinn stæði í vegi fyrir breytingum í þá veru að fyrir-tæki færi hlutabréf í evrum. „Ég hefði viljað sjá þetta leyst nú. Fé-



FUNDUR UM FJÁRMÁLAMARKAÐ Edda Rós Karlsdóttir (í pontu) spáir lokum fjármálaóróleika undir lok þessa árs. MARKAÐURINN/EYPR

löginn þurfa á þessu fjármagni að halda og ágangi að þessum mörkuðum, sér í lagi í þessu umhverfi,“ segir hann.

Edda Rós tók undir mikilvægi breytingarinnar og segir íslensk fyrirtæki, sér í lagi rekstrarfélög, með hlutabréf í krónum ekki jafn samkeppnishæf þegar kemur að samrunum og yfirtökum. „Miklu skiptir að vera með hlutafé í mynt sem er boðleg,“ segir hún.

- óká

Hagsveiflan í hámarki

Forsendur fjárlaga standast að mati fjármálaráðherra. Íslendingar eru á leið inn í skeið hjaðnandi hagvaxtar segir í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Forsendur fjárlaga munu standast í heild þótt jafnframt megi gera ráð fyrir innbyrðis breytingum á einstaka liðum,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Fjárlaganefnd Alþingis ásamt efnahags- og skattanefnd ætla að koma saman nú í þingbyrjun til að meta áhrif verðfalls á hlutabréfamörkuðum á afkomu ríkisins. „Forsendurnar standast,“ segir Árni Mathiesen, fjármálaráðherra.

Áhrif af lækkunum á verði hlutabréfa hafi takmörkuð áhrif til að lækka tekjuskatt lögaðila og fjármagnstekjuskatt í ár. Á móti megi búast við meiri tekjum af tekjuskatti einstaklinga og veltusköttum, samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Árni Mathiesen bendir á að óvissuþættir eru í spánni, til að mynda um frekari stóriðjuframkvæmdir og komandi kjarasamningar. „Það má vera að teknar verði ákvarðanir síðar sem hafa þarna áhrif, til dæmis á hagvöxtinn.“

Hagvöxtur í fyrra hafi numið 2,7 prósentum en verði 1,4 prósent í ár og 0,4 prósentum á næsta ári. Það er heldur minna en gert var ráð fyrir í haustspá ráðuneytisins. Flest bendi nú til hjaðnandi hagvaxtarskeiðs, eftir uppgang tengdum markaðs- og alþjóðavæðingu hagkerfisins.



FÉLAGAR Í BHM FARA YFIR SÍÐUSTU KJARASAMNINGA Núverandi samningaviðræður og komandi kjaraviðræður opinberra starfsmanna eru meðal helstu óvissuþátta í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Hugsanlega er hámarki hagsveiflunnar náð, samkvæmt spánni, þótt erfitt sé að tímasetja viðsnún-inginn. Óróleiki á fjármálamörkuðum eigi eftir að ganga niður og áhrif hans til að hægja á efnahagslífinu verði ekki varanleg. Þar hafi háir stýrivextir Seðlabankans frekari áhrif. Verði þeir lækkaðir mikið veikist gengi krónunnar. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að Seðlabankinn fari ekki að lækka stýrivexti fyrr en á síðari hluta ársins. Vextirnir verði komnir í 5,5 prósent í lok árs 2009.

Þeir eru nú 13,75 prósent.

Líklega hafi órói á fjármálamörkuðum undir lok síðasta árs og hærri stýri- og íbúðalánavextir haft einhver áhrif til að draga úr eftirspurn. Þá líti út fyrir að draga sé úr veltu og hækkunum á fasteignamarkaði.

Þótt óróinn hafi líklega örvandi áhrif á sparnað heimila séu vísendingar um samdrátt í einkaneyslu ekki ótvíræðar. Gert er ráð fyrir þriggja til fjögurra prósentu atvinnuleysi á næsta ári, sem verði til að draga úr neyslu.

Engin yfirtökuskylda

Yfirtökunefnd telur ekki ástæðu til að halda áfram athugun sinni á eignarhaldi FL Group í kjölfar hlutafjárhækkunar félagsins. Athugunin laut að því hvort yfirtökuskylda hefði myndast í FL Group með því að tengdir aðilar hefðu farið yfir þau fjörtíu prósentu eignamörk sem tilgreind eru í lögum.



JÓN SIGURÐSSON
FORSTJÓRI FL GROUP

Baugur Group á 36 prósentu hlut í FL Group og Fons sex

prósent. Í tilkynningu frá yfirtökunefnd kemur fram að nefndin hafi farið yfir þær breytingar sem gerðar hafi verið á eignarhaldi félagsins, miðað við tuttugu stærstu hluthafa félagsins hinn 21. desember síðastliðinn. Enn fremur segir að nefndin telji að óbreyttu ekki ástæðu til að halda áfram athugun sinni á málinu.

- jsk

Framúrskarandi

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið jafna og góða ávöxtun allt frá stofnun. Ávöxtun ársins 2007 var **15,6%**

75 ára

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,6% ávöxtun



Hvernig?

Hvernig tryggir
Marel Food Systems
starfsfólki í sex heimsálfum
aðgang að upplýsingum?

„Við rekum mjög öfluga veitu í *SharePoint* umhverfi fyrir fréttir og innri málefni. Þar eru einnig gæðahandbækur og undirsíður um afmörkuð verkefni, spjallþræðir, skjalasöfn, dagbækur og matseðill dagsins – í raun allt sem snýr að málefnum starfsmanna. Liðsmenn AppliCon hafa unnið með okkur við innleiðingu þessara lausna og þeirra þátttaka hefur skipt sköpum. Nú erum við að þróa með AppliCon sölu- og þjónustuvef sem mun nýtast söluskrifstofum okkar á öllum vígstöðvum.“

*Haraldur Gunnlaugsson, forstöðumaður
upplýsingatæknisviðs Marel ehf.*

AppliCon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfirmi á sviði SAP og Microsoft-lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. AppliCon starfar í fjórum löndum og starfsmenn eru um 200. Hjú AppliCon á Íslandi starfa yfir 80 manns. SAP er stærsta viðskiptahugbúnaðarfirmi heims og þriðji stærsti sjálfstæði hugbúnaðarframleiðandinn. Nú starfa um 40.000 manns fyrir SAP í meira en 50 löndum.

AppliCon
- frá áskorun til árangurs

Wal-Mart bregst við bresku innrásinni

Stjórnendur bandarísku risaverslanakeðjunnar Wal-Mart tilkynntu í byrjun vikunnar að þeir ætluðu að opna fjórar meðalstórar verslanir í Phoenix á næstunni. Verslanirnar verða helmingi minni en risabúðir Wal-Mart sem finna má víða í Bandaríkjunum. Nýju verslanirnar verða reknar undir merkjum Marketside.

Viðbrögð Wal-Mart eru gagnger viðbrögð við samkeppni frá breska stórmarkaðnum Tesco, sem nam land í vesturheimi seint á síðasta ári. Verslanir Wal-Mart

eru yfirleitt geysistórar en Tesco minni, sem væntingar eru um að höfði betur til þeirra bandarísku neytenda sem kjósa fremur að kaupa í matinn í minni verslunum en þeim risastóru.

Talsmaður Wal-Mart sagði stjórnendur keðjunnar ávallt opna fyrir nýjungum. Hann neitaði hins vegar að tjá sig um fréttir þess efnis að þessar minni útgáfur af versluninni muni verða opnaðar víðar um land, að sögn Associated Press-fréttaveitunnar.

- jab

Facebook ekki á markað í ár

Frekar ólíklegt er að vefsamfélagið Facebook verði skráð á hlutabréfamarkað á þessu ári, að sögn Marks Zuckerberg, sem hefur setið í forstjórastóli fyrirtækisins frá því hann stofnaði Facebook-vefinn fyrir tæpum fjórum árum.

Zuckerberg sagði í bandaríska fréttaskýringabættinum „60 mínútur“ á dögunum að svo gæti farið að fyrirtækið fíhugaði skráningu á næsta eða þarnæsta ári. Hann útilokaði þó ekki að það yrði dregið fram til 2011.

Fjármálasérfræðingar tóku undir með forstjóranum á mánudag og segja einkar slæmar aðstæður til að setja



fyrirtæki í upplýsingatækni á markað um þessar mundir.

Orðrómur um skráningu Facebook hefur lengi legið í loftinu og fékk byr undir báða vængi síðasta haust þegar hugbúnaðarrisinn Microsoft keypti 1,6 prósent hlut í fyrirtækinu fyrir 240 milljónir dala, 15,3 milljarða íslenskra króna að núvirði.

Sé miðað við kaupverðið þá er markaðsverðmæti Facebook litlir 959 milljarðar íslenskra króna.

- jab

STOFNANDINN Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri Facebook, var tvítugur þegar hann stofnaði fyrirtækið. Það er núna næstum þúsund milljarða króna virði og stofnandinn að verða 24 ára.

MARKAÐURINN/AFP

Saks siglir fram úr spám

Tekjur bandarísku munaðarvöruverslunarinnar Saks, sem Baugur á 8,5 prósent hlut í, námu tæpum 3,1 milljarði dala, jafnvirði 193 milljörðum íslenskra króna, í fyrra og jukust um 13,9 prósent á milli ára.

Þar af jókst veltan um 0,8 prósent í jólamánuðinum einum saman. Þetta er talsvert yfir spám markaðsaðila sem höfðu reiknað með samdrætti upp á 2,5 prósent í skugga minni einkaneyslu um jólin. Afkoman er sömuleiðis umfram almenna þróun í bandarískri smásölu í fyrra.

Sterkur orðrómur fór á kreik seint á síðasta ári að Baugur myndi leggja fram yfirtökutilboð í Saks upp á 180 milljarða króna ýmist á milli jóla og nýárs eða í byrjun þessa árs enda verðmiði félagsins afar hagstæður.

Gengi bréfa í versluninni hefur



FLAGGSKIP SAKS Á 5. BREIÐGÖTU Veltan hjá munaðarvöruversluninni Saks, þar með talin jólasalan, var talsvert yfir væntingum markaðsaðila í fyrra.

MARKAÐURINN/AFP

sveiflast talsvert síðan síðasta sumar. Það féll svo á mánudag og fór nálægt sínu lægsta gildi síðastliðna tólf mánuði eftir að forvígismenn í bandarískri smásölu sögðu útlit fyrir að bandarískir neytendur muni halda að sér höndum á árinu samfara erfiðara aðgengi að lánsfé og háum vöxtum.

- jab

Vatnsrisa kippt út af markaðinum

Stjórnvöld á Fiji-eyjum eru sökuð um að beita töllyfirvöldum til að stöðva útflutning á átöppuðu drykkjarvatni á flöskum undir merkjum Fiji Water. Vatnið frá Fiji er umsvifamikilið á bandarískum vatnsmarkaði í Bandaríkjunum og einn af helstu samkeppnisaðilum Icelandic Glacial, vatns frá fyrirtæki feðganna Kristjánss og Jóns Ólafssonar og bandaríska drykkjarvöruframleiðandans Anheuser Busch þar í landi.

Fjölmíðlar á eyjunum segja að ríkisstjórn Fiji-eyja sjái ofsjónum yfir hagnaðinum sem vatnssalan skili til bandarísks móðurfélags Fiji Water í Bandaríkjunum. Það skili sér ekki

til eyjanna nema að örlitlu leyti. Jitoko Tikolevu, yfirmaður tollamála á Fiji-eyjum, segir í samtali við fréttaveituna Pacnews, talsverðu muna. Móðurfélagið greiði fyrirtækinu á Fiji-eyjum fjóra dali, 257 íslenskar krónur, fyrir kassa af vatni sem kosti 50 dali út úr búð í Bandaríkjunum.



JÓN ÓLAFSSON

Bandarísk stjórnvöld hafa þegar sent stjórnvöldum á Fiji-eyjum skilað þar sem gjörningurinn geti stefnt fjárfestingum bandarískra fyrirtækja á eyjunum í voða. - jab

Hlutur Existu rýrnað um átta milljarða

Eftir stendur rúmur þriðjungur fjárfestingar Existu í JJB Sports. Búist er við að hagnaður dragist saman á árinu.

Jón Skaftason og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skifa

Eign Existu í breska sportvöruframleiðandnum JJB Sports hefur rýrnað um sextíu og fimm prósent á rétt rúmlega hálfu ári. Exista keypti í júní á síðasta ári 14,5 prósent hlut í JJB fyrir tólf milljarða króna. Sá hlutur er nú 4,2 milljarða virði.

Gengi bréfa í JJB féll um rúm sex prósent í byrjun vikunnar og hefur ekki verið lægra í rúman áratug. JJB stóð í 96 pensum á hlut í Kauphöllinni í Lundúnum í gær. Exista keypti sín bréf á genginu 275.

Chris Ronnie, sem er nýtekinn við forstjórataumunum hjá JJB Sports, tilkynnti á dögunum að til stæði að lækka verð verulega í versluninni til að hreinsa til á lager fyrirtækisins. Ronnie þessi á 14,5 prósent í félaginu og keypti sinn hlut á sama tíma og Exista.

JJB varð fyrir miklu áfalli þegar ljóst varð að enska knattspyrnulandsliðið kæmist ekki í Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu næsta sumar, en treyjur enska landsliðsins hafa vanalega rokið út kringum stórkeppnir af því tagi. Ronnie hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum að aldrei hafi verið pantaðar færri enskar landsliðstreyjur til sölu í verslunum JJB, og notaði tækifærið til að gagnrýna „máttlitla“ hönnun á nýjum varabúningi enska liðsins. Reiknað er með að afkoma JJB á síðari helmingi breska fjárhagsársins versni nokkuð frá því á sama tímabili í fyrra þegar hagnaður nam 3,4 milljörðum króna.

Exista og Ronnie stóðu saman að kaupum á 29 prósent hlut Dave Whelan, sem á sínum tíma setti JJB Sports á laggirnar. Whelan þessi er stjórnarformaður og sér um daglegan rekstur hjá enska úrvalsdeildarliðinu Wigan Athletic.



HESKEY MEÐ JJB Á MAGANUM Enska úrvalsdeildarliðið Wigan leikur með auglýsingu frá JJB á búningum sínum. Fjárfesting Existu í JJB hefur rýrnað um sextíu og fimm prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PARTNERS



TM Software

Nýjar höfuðstöðvar TM Software

Erum flutt í Urðarhvarf 6

www.tm-software.com

TM Software

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | info@tm-software.com

PÍPARI • SÍLA • 72287



Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



VEITT Í ELLIDAÁM Í SUMAR
Stangaveiðifélag Reykjavíkur annast sölu veiðileyfa í Elliðaánum. Þar bar á „svæsum“ veiðipjónaði í haust. Svo er frá því greint á vef félagsins að fyrir helgina hafi fundist net í neðanverðri Korpu/Úlfarsá og í því nýlega dauðir laxar. Segir að nýlunda sé að veiðipjónaður sé stundaður yfir vetrarmánuðina enda laxinn nánast óætur með öllu og illa haldinn. MARKAÐURINN/GVA

Í laxveiðinni er engin niðursveifla

Sala er hafin á laxveiðileyfum fyrir næsta sumar og fer kröftuglega af stað án þess að þrengingar í efnahagslífinu virðist hafa þar áhrif á. Verð á leyfum hleypur á stóru bili, frá nokkur þúsund krónum upp í á þriðja hundrað þúsund króna fyrir daginn. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér horfurnar og ræddi við þá Óðin Sigþórsson, formann Landssambands veiðifélaga, og Árna Baldursson hjá Laxá ehf.

Síðasta ár var metár í sölu veiðileyfa og þótt skrítið sé sýnist mér stefna í annað metár núna 2008 þrátt fyrir allar þessar væringar í peningamálunum,“ segir Árni Baldursson, eigandi og forstjóri fyrirtækisins Laxár, en það er umsvifamikilið í sölu leyfa, bæði hér heima og erlendis. Hann segir að um þessar mundir sé verið að greiða inn á og staðfesta pantanir og ekki að sjá nein áhrif lausafjárþurrðar fjármálaheimsins þar. „Maður var farinn að búa sig undir að eitthvað myndi dragast saman, en það er bara nánast allt uppselt.“

Árni segist telja að veiðisportið sækir sífellt á og verði vinsælla með hverju árinu sem líður. „Við erum í þessu víðar en heima á Íslandi; í Rússlandi, Argentínu, Skotlandi og úti um allt og horfur eru bara mjög góðar alls staðar í sölu. Það vilja allir veiða,“ segir hann og telur náttúrufar ráða meiru um breyttar áherslur í veiðileyfasölu þetta árið. Í fyrra fór veiði nefnilega seint af stað, dróst fram eftir öllu sumri en tók svo rækleiga við sér síðsumars.

„Ég finn fyrir að áherslurnar breytast. Núna vilja menn koma seinna þannig að ásókn í hásum-

arið og haustið er miklu meiri og minni í vorið, sem þó er oft skemmtilegasti tíminn til veiða.“ Við þessu segir Árni brugðist með því að lækka verðið á vordögum og hækka verð daga yfir hásumarið og haustið. „Það er eiginlega ekkert annað að gera. Haustveiðin er orðin mjög vinsæl og hrygnir ekkert fyrr en í ágúst þannig að í ágúst og september er bullandi veiði. Við höfum því sett verðið upp þar og lækkað það í júní og byrjun júlí.“

STANGAFJÖLDI BREYTTIST LÍTIÐ
Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, segir viðskipti með veiðileyfi nokkuð í föstum skorðum og sömu viðskiptavinirnir kaupir leyfin ár eftir ár. „Undanfarin ár hefur verið lítið af lausum veiðileyfum á almennum markaði,“ segir hann og bætir við að þarna séu fyrirtæki stórtæk á ákveðnum tímum og sitji nú að leyfum sem áður hafi verið til sölu á erlendum markaði. „Út af fyrir sig hefur það samt ekki orðið til að hækka verð á leyfum, en hins vegar hefur verið vaxandi eftirspurn eftir laxveiði í heiminum og verð á veiðileyfum farið stighækkandi undanfarin ár. Í sjálfu sér sjáum við engin teikn

á lofti um að það breytist.“ Á móti segir Óðinn koma að silungsveiði á stöng hafi farið vaxandi og þar séu veiðileyfi ódýrari og meiri hreyfing á þeim. „Almenni veiðimaðurinn hefur því kannski svolítið verið að færast í þá áttina, enda hafa gæði þeirrar veiði líka vaxið.“

Stangafjöldi í laxveiði hefur verið svipaður undanfarna áratugi, en háð er leyfum hvað veiðifélag geta leyft veiði á margar stangir í hverri á. „Stöngum í ám hefur ekki verið fjölgað mörg undanfarin ár, nema þar sem komið hefur verið til að veiði hefur verið aukin og öðrum þræði búin til, svo sem í Rangánum með sleppingu seiða.“

Þá segir Óðinn hafa áhrif á markaðinn að veiðitíminn sé að stytast. „Undanfarin ár hefur verið vöntun á stórlaxi, en hann hefur haldið uppi veiðinni fram- an af tímabilinu og því mörg félög sem hefja veiðina seinna. Því má segja að stangadögum hafi aðeins fækkað af þessum sökum.“ Síðasta sumar fór veiðin hins vegar óvenjuseint af stað, en þar segir Óðinn hafa komið til áhrif af óvenjumikilli þurrkatíð.

Líkt og Árni segir Óðinn að sala veiðileyfa fyrir sumarið hafi farið kröftuglega af stað. „Menn sjá ekki að einhver slaki sé kominn í eftirspurn á veiðileyfum, frekar en undanfarin ár. Síðan er þetta náttúrulega þannig að þetta eru viðskipti sem byggja á efnahagsástandi, en við sjáum um ekki enn að það sem verið hefur að gerast undanfarna vikur sé farið að hafa áhrif á þennan markað,“ segir hann, enda þurfa fyrirtæki, líkt og bankarnir sem duglegir eru að bjóða í veiði, fremur að styrkja samband sitt við viðskiptavinum og -félaga þegar herðir að. Óðinn segir enda að þegar mál séu skoðuð ofan í kjölinn sé laxveiðin og sú einstaka upplifun sem hér er í boði í þeim efnunum ekki svo dýr miðað við að hafa ofan af fyrir fólk með ýmsum öðrum hætti. „Ég held að fyrirtækin hafi uppgötvað það undanfarin ár að það er alveg einstakt að geta boðið upp á slíka upplifun í íslensku náttúru, auk þess sem þetta er góður vettvangur til að skapa sambönd og traust kynni í viðskiptaheiminum.“

VERÐ NÁLÆGT HÁMARKI

Varðandi verð á veiðileyfum segir hann þar miklu muna á hæsta og lægsta, enda fari það bæði eftir gæði veiðinnar og þeirri aðstöðu og þjónustu sem boðið er upp á. Hann bendir á að gríðarlegir fjármunir hafi verið lagðir í að byggja veiðihús og endurnýja þau sem eldri eru. „Svo er víða gert mjög vel við veiðimenn í mat og verðið fer eftir þessum þáttum.“ Í fínustu veiðihúsum er þjónað til borðs og þau í raun starfandi hágæðaveitingahús yfir veiðitímnum. „Menn geta verið að sjá veiðileyfi sem kosta á þriðja hundrað þúsund krónur dagurinn og síðan getur þetta verið skalið allt niður í fimm þúsund krónur á dag.“

Hinn endinn á veiðileyfasölu snýr svo að leigu veiðifélaga á ánum til þeirra sem selja svo leyfin á þessum markaði. „Í nánast öllum tilvikum er þetta þannig að árnar eru leigðar út til leigutaka sem síðan sér um sölu veiðileyfa og sér um alla þjónustu á staðnum,“ segir Óðinn.

Hart er bitist um ár þegar þær losna, en stórir á þessum markaði eru til dæmis Laxá ehf., fyrirtæki Árna Baldurssonar, Stangaveiðifélag Reykjavíkur og Lax ehf., sem kennt er við Nóatúnsfæða og fleiri.

Óðinn segir samninga milli veiðifélaganna og leigutaka alla jafna tímabundna, gjarnan bundna í þrjú til fimm ár. „Í mörgum tilvikum eru samningar svo framlengdir, oft með einhverjum endurskoðunarákvæðum, og í öðrum tilvikum eru árnar settar í útboð á almennum markaði og óskað eftir tilboðum þegar samningar eru úti. Undanfarið hefur verið mjög mikil samkeppni um árnar og síðasta eitt og hálfu árið hafa þær hækkað mjög í verði.“ Þannig eru nokkrir þættir sem þrýst hafa á um hækkandi verð veiðileyfa undanfarin ár, slagurinn um árnar og svo vaxandi eftirspurn eftir veiðileyfum. Margir telja þó að verðið hljóti að vera nálægt hámarki um þessar mundir, að minnsta kosti telja tæp 72 prósent sem þátt tóku í könnun á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur að það hafi náð hámarki að sinni. En 28,3 prósent telja veiðileyfi enn geta hækkað.

LAXINN



Hér á landi finnast laxastofnar í ám í öllum landshlutum. Flestir laxar eru fangaðir í ám á Vesturlandi og ár í Borgarfirðinum eru þar mikilvægastar. Önnur mikilvæg laxasvæði eru sögð Húnavatnssýslur, Þingeyjarsýslur og Vopnafjörður.

Lax hrygnir í fersku vatni að hausti og hrognin þroskast yfir vetrinn grafinn í möl straumvatna. Á vorin klekjast hrognin út og seiðin helga sér svæði á botninum, þar sem þau síðan dvelja næstu tvö til fjögur árin. Þegar seiðin hafa náð ákveðinni stærð og þroska fara þau í gegnum ferli sem nefnist smoltun, en svo nefnist undirbúningur fyrir það að yfirgera ferskvatnið og ganga til sjávar. Í sjó dvelur laxinn í eitt til þrjú ár og tekur þá út mestallan vöxt sinn. Eftir dvöl í hafi leitar fullorðinn kynþroska lax upp í sína heimaá til hrygningar og gengur lax upp í ár á Íslandi frá maílokum til ágústloka. Laxinn dvelur svo í ánni fram að hrygningu. Heimild: Veiðimálastofnun



ÁRNI BALDURSSON



ÓÐINN SIGÞÓRSSON

**NÝTT ELDHÚS
MEÐ BREYTTUM
ÁHERSLUM**

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Ár skuldabréfanna er runnið upp

Velta með skuldabréf hefur margfaldast undanfarnar vikur í kjölfar óróa á hlutabréfamarkaði. Fyrstu þrjá dagana í síðustu viku skiptu 27 prósent bréfa í tveimur stærstu skuldabréfaflokkunum um hendur. Takmarkað framboð og mikil eftirspurn hefur valdið snörpum verðhækkunum og spá sérfræðingar því að eftirspurn haldi enn áfram að aukast. Næstu tvö ár verði ár skuldabréfanna. *Jón Skaftason* kynnti sér íslenska skuldabréfamarkaðinn.

Undanfarin ár hafa sjónir manna nánast eingöngu beinst að hlutabréfamarkaði, á meðan færri hafa gefið skuldabréfamarkaði gaum. Margar skýringar kunna að liggja þar að baki. Ein er þó líklega sú að ekki hefur verið sami dýrðarljómi yfir skuldabréfum og hlutabréfum, enda eru sveiflur á skuldabréfamarkaði ekki jafn tíðar og á hlutabréfamarkaði og þar af leiðandi er jafnan minni áhætta af fjárfestingu í skuldabréfum. Ofan á þetta bætist síðan sú staðreynd að skuldabréfamarkaðurinn er að mörgu leyti lokaðri og tor-skildari en hlutabréfamarkaðurinn.

Auðveldara er fyrir hinn almenna fjárfesti að mynda sér skoðun á fyrirtæki í rekstri, heldur en til að mynda Spariskirteinum ríkissjóðs númer 89/2A10.

Undanfarna daga og vikur hefur hins vegar orðið breyting á. Velta á skuldabréfamarkaði í Kauphöllinni hefur stórkæpt og í síðustu viku var veltumetið slegið nánast daglega. Á þessu eru eðlilegar skýringar enda hafa erfiðar aðstæður á hlutabréfamarkaði leitt til þess að fjárfestar leita í auknum mæli í öruggari fjárfestingar. Skuldabréfamarkaðurinn er því líflegri en áður, og margir fjárfestar hafa séð ástæðu til að leita skjóls þar undan slagviðrinu sem ríkt hefur á hlutabréfamarkaði. „Hluta- og skuldabréfamarkaðirnir þróast sjaldnast í takt. Íslenski skuldabréfamarkaðurinn er einstakur í sinni röð á Vesturlöndum að því leyti að raunvextir og nafnvextir eru hér gífurlega háir,“ segir Gísli Hauksson, skuldabréfamíðlari hjá Kaupþingi.

FJÓRÐUNGUR SKIPTI UM HENDUR

Skuldabréf eru skilgreind sem einhliða og skrifleg yfirlýsing skuldara um skyldu hans til að greiða öðrum aðila, sem oftast er nefndur kröfuhafi, peninga. Nafngiftin er raunar barn síns tíma, enda fá menn sjaldnast skirteini upp á gamla mótann nú til dags. Við-

skipti með skuldabréf eru nánast einungis rafræn.

Útgáfa skuldabréfa er hefðbundin leið fyrir fyrirtæki, ríki og einstaklinga til að afla fjár. Margir kannast eflaust við lánshæfismatsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's. Fyrirtækin gefa útgefendum skuldabréfa einkunn á grundvelli þess hversu líklegt er talið að staðið verði við greiðslur vaxta og höfuðstóls. Einkunnirnar eru á bilinu Aaa og niður í D, þar sem Aaa er hæst en D lægst. Íslenska ríkið nýtur nú, til að mynda, lánshæfiseinkunnarinnar Aaa hjá Moody's.

Stærstu einstöku útgefendur skuldabréfa á Íslandi eru Íbúðalánasjóður, sem gefur út fjóra skuldabréfaflokka, og íslenska ríkið, sem gefur út fimm flokka. Heildarvirði húsbérfanna svokölluðu er um 480 milljarðar króna, en ríkisbréfanna um níutíu milljarðar króna. Heildarvirði skuldabréfa útgefnum af fyrirtækjum í landinu er um fjögur hundruð milljarðar króna.

Til marks um þá miklu veltu sem verið hefur á skuldabréfamarkaði undanfarna daga er sú staðreynd að fyrstu þrjá dagana í síðustu viku nam velta ríkis- og húsbérfanna samanlagt 150 milljörðum króna. Með öðrum orðum: tuttugu og sjö prósent skuldabréfa í þessum tveimur stærstu flokkum, skiptu um hendur. Bréfin eru gefin út til mismunandi langs tíma, þannig má nálgast húsbérf með allt frá tíu ára líftíma og upp í 42 ár.

Undanfarin ár hefur Seðlabankinn hækkad stýrivexti sína hratt og standa þeir nú í 13,75 prósentum. Umhverfið hefur því verið skuldabréfaviðskiptum að mörgu leyti óhagstætt, enda lækkar virði skuldabréfa þegar vaxtakostnaður eykst.

Tilfinning margra á markaðnum er nú sú að snarpt vaxtalækkunarferli sé fram undan og skuldabréf því fýsilegir fjárfestingarkostur en ella. „Þegar menn áttuðu sig á því að hugsanlega væri hörð lending fram undan í hagkerfinu fóru menn að fara inn í skuldabréfin í auknum mæli, og nú síðustu tvær vikur hefur algert rallí farið í gang. Veltan hefur verið margföld við það sem venjulega

Gæti orðið dýrt að halda bréfunum

Gengi skuldabréfa ræðst að stórum hluta að væntingum manna til stýrivaxtalækkana. Verðbólga veldur einnig aukinni eftirspurn eftir verðtryggðum skuldabréfum.

„Hvert veltumetið á fætur öðru hefur verið slegið það sem af er ári. Gengi bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa hefur hækkað töluvert. Það er mjög sjaldgæft að við sjáum svona miklar og kröftugar hreyfingar og við höfum orðið vitni að síðustu vikur,“ segir Hjördís Vilhjálmsdóttir, hagfræðingur hjá greiningu Glitnis.

Þegar gengi skuldabréfamarkaðs hækkar ávöxtunarkrafan. Á íbúðabréfum hefur ávöxtunarkrafan lækkað um 25 til 75 punkta það sem af er ári. Hjördís segir þær miklu sveiflur sem verið hafa á skuldabréfamarkaði endurspeglar mismunandi væntingar á markaðnum um hvenær vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist. „Við hér í Glitni höfum spáð því að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist í maí, en aðrir hafa talið að það

hefjist fyrr á árinu. Ef okkar spá gengur eftir er hætt við því að það verði dýrt að halda bréfunum næstu mánuði, enda eiga menn þá kost á góðum peningamarkaðsvöxtum.“

Verðbólguvæntingar hafa jafnframt áhrif á verðtryggð skuldabréf. Lækkun á gengi krónunnar hefur alla jafna þau áhrif að verðbólguhættan eykst og það þýðir að virði verðtryggðra skuldabréfa eykst og ávöxtunarkrafan lækkar. „Yfirleitt er það þannig að þegar krónumarkaðurinn hnerrar þá snýtir skuldabréfamarkaðurinn sér. Það hefur þó aðeins breyst undanfarið og stundum höfum við séð að gengi skuldabréfa lækkar þrátt fyrir lækkanir á gengi krónunnar. Þarna takast á sjónarmið um aukna hættu á verðbólgu og væntingar um að vaxtalækkun sé hugsanlega ekki alveg handan við hornið.“ - jsk



hefur verið og veltumetið slegið dag eftir dag. Fjárfestar eru greinilega að færa sig úr hlutabréfum í skuldabréf í kjölfar óróa síðustu vikna,“ segir Gísli Hauksson.

ÁVÖXTUNARKRAFAN SKIPTIR ÖLLU

Grundvallarmunurinn á hlutabréfum og skuldabréfum er sá að hlutabréf tryggja þér enga ávöxtun. Það gera hins vegar verðtryggð skuldabréf. Þegar markaðsaðili gefur út skuldabréf skuldbindur hann sig til að greiða handhafa þess ákveðna upphæð, auk vaxta.

Til dæmis má gefa sér að fyrirtæki hér á landi gefi út skuldabréf upp á eina milljón króna með tíu prósent nafnvöxtum. Kaupandi skuldabréfsins gengur því að milljóninni á gjaldþaga og fær auk þess tíu prósent vexti á ári hverju.

Saga skuldabréfamíðlara

Bókin *Liar's Poker* eftir Michael Lewis segir sögu skuldabréfamíðlara á Wall Street á níunda áratugnum. Aðalsöguhetjan er Lewis sjálfur, en sagan segir af framgangi hans hjá einum stærsta fjárfestingarbankanum heims í þá daga, Salomon Brothers.

Bókin þykir lýsa vel þeirri stemningu sem ríkti á Wall Street í miðju gullæði níunda áratugarins. Lewis var fljótur að skrifa upp metordastigann hjá Salomon Brothers, þrátt fyrir að kunna að eigin sögn lítið fyrir sér. Hann lýsir starfsumhverfinu sem ekki ólíku því sem gjarnan ríkir í búningasklefum íþróttaliða; ungir menn sem tala hver í kapp við annan og þóttust vita meira en þeir í rauninni gerðu. Raunar er Lewis tíðrætt um „frumskógarlögmálið“ sem ríkti meðal miðlaranna og lýsir því hvernig hann sjálfur, nýútskrifaður úr háskóla, hafi fljótlega handfjatlað milljónir Bandaríkjadala á dag.

Salomon Brothers komst í fremstu röð með

því að nýta sér nýsett lög frá bandaríska þinginu sem heimiluðu viðskipti með húsnæðisskuldabréf. Bankinn var fyrstur til að nýta sér þessa nýju tekjumöguleika undir stjórn hins góðsagnakennda miðlara Lewie Ranieri. Síðar komu keppinautarnir á Wall Street upp á lagið með viðskipti með hin nýju skuldabréf og tekjur Salomon Brothers snarminnkuðu. Bankinn hafði þá eytt gríðarlegum fjárhæðum í launakostnað, uppbyggingu nýrra höfuðstöðva í Lundúnum og fjölgun starfsmanna, og lenti því á endanum í rekstrarvandradum.

Steininn tók síðan úr þegar fjármálaeftirlitið komst á snodir um vafasöm skuldabréfaviðskipti Salomon Brothers og sektaði bankann um 290 milljónir Bandaríkjadala, sem þá var langhæsta sekt sem nokkrum markaðsaðila hafði verið gert að greiða. Salomon Brothers var



**Heildarlausnir í lyfturum
fyrir fiskvinnsluna**

Nútímaleg hönnun • Gott aðgengi ökumanns • Hjóðlátur • Hemlar í olíubaði • Gott þjónustuaðgengi

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

sjávarútvegur

MIÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR 2008

Kræklingarækt

Forsendur kræklinga-
ræktar kannaðar BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR ÁRNASON



Grillveisla

Sægreifans

Hin fullkomna

humarsúpa

samkvæmt New York Times

Humarsúpa

Fiskur á grillið

Sægreifinn

Sérverslun með sjávarfang

Verubúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

Opið 7-21 alla daga vikunnar



Guðrún Helga Lárusdóttir hefur starfað sem útgerðarkona frá árinu 1970

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Stjórnar fjármálunum

Guðrún Helga Lárusdóttir hefur stýrt útgerðinni Stál-skip, ásamt eiginmanni sínum Ágústi Sigurðssyni, síðan 1970. Í fyrstu var það ekki ætlun þeirra hjóna að hefja útgerð en röð atvika leiddi til þess að þau hafa nú starfað saman í hátt í fjörtíu ár.

„Þetta kom þannig til að maðurinn minn Ágúst Sigurðsson sem er skipatæknifræðingur var að hanna slipp á Ísafirði í kringum 1970. Nokkru áður hafði skip strandað á þeim slóðum og til að gera langa sögu stutta ákvað Ágúst að kaupa flakið og flytja það til Hafnarfjarðar. Skipið var illa farið enda hafði það tvívegis legið á hafsbotni og var mikið álitamál hvort hægt væri að fá aðalvélinu til að ganga. Við settum aleigu okkar í að gera skipið upp og það tókst á endanum,“ útskýrir Guðrún Helga.

Í fyrstu var hugmyndin að selja skipið. „Við höfðum litla reynslu af útgerð og ég auðvitað enga. Ég hafði grunnmenntun í bókfærslu en maðurinn minn vildi láta á þetta reyna. Við réðum til okkar skipstjórnar Ásgeir Gíslason sem reyndist mikil aflakló og þá fóru hjólin að snúast,“ segir Guðrún Helga.

„Þetta var ekki mjög auðvelt fyrstu árin því þó veiðar hafi verið frjálssar á þessum tíma þá voru ýmis ljón á veginum,“ segir Guðrún Helga. Hún segir að þau hafi lagt mikið upp úr því við sína

áhöfn að ganga vel um aflann og koma með fyrsta flokks vöru að landi en þau seldu aflann nær engöngu til útlanda. „Við fengum gott verð fyrir okkar afla og gátum því borgað upp skuldirnar.“

Þau hjónin hafa að jafnaði gert út tvö skip í einu. „Við höfum ráðið ágætlega við það en ákváðum þó að selja annað skipið í fyrra. Við erum aðeins farin að reskjast og svo vorum við með of litla aflaheimild fyrir bæði skipin. Sérstaklega í ljósi þess að þau voru bæði mjög öflug. Nú erum með nánast sömu veltu og áður,“ upplýsir Guðrún Helga.

Guðrún Helga segir útgerðina vera með allan heiminn undir og meðal annars selja aflann til Grikklands, Portúgal, Japans, Kóreu, Bretlands og Bandaríkjanna. Þau hjónin skipta þannig með sér verkum að Ágúst sér um tæknihliðina og selur aflann en Guðrún Helga stjórnar fjármálunum, færir bókhald, sér um launamál skipshafnarinnar, skipuleggur veiðiferðirnar og sér um kvótamálin. „Það má segja að ég beri að mestu leyti ábyrgð á áhöfninni en ég segi alltaf við Ágúst að vélstjórinn sé á hans ábyrgð.“

Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi eins og sönn húsmóðir eyða ekki meiru en aflað er og eflaust hefur bókfærslugrunnurinn komið sér vel. Guðrún segir samstarf þeirra hjóna hafa gengið vel í gegnum árin. Við giftum okkur árið 1953 og má segja að við höfum verið saman allan sólarhringinn síðustu áratugi.

Ekki nóg að starta bát og stíma bara út á hafið


Margt er það sem maðurinn þarf að kunna til að stjórna bát. Að því komst Gissur Sigurðsson fréttamaður sem lærði siglingafræði og tók svokallað pungapróf í Fjöltækniskólanum rétt fyrir jólin.

„Þetta var þrælskemmtilegt nám. Það eru fjölmörg ár síðan mér datt í hug að fara í pungaprófið en hef alltaf dregið það. Svo var ég á göngu niðri við höfn í haust og hitti þar mann sem sagði mér að námið væri að lengjast auk þess að veita takmarkaðri réttindi en áður, svo ég dreif mig í skólann.“ Þannig lýsir Gissur Sigurðsson fréttamaður tildrögum þess að hann settist á skólabekk í Fjöltækniskólanum í haust og nam siglingafræði. Nú má hann stjórna bát sem hefur allt að 30 rúmlesta særými. „Þetta með særýmið er ótrúlega teygjanlegt hugtak því það er líka hægt að vera með ómælanlegt magn af því sem kallast veðurþétt rými,“ segir hann og viðurkennir að svona reglur séu bara gerðar til að fara í kringum þær. „En þetta breyttist um áramótin,“ bætir hann við. „Þeir sem eru í náminu nú fá ekki að stjórna bátum lengri en 10 metrum.“

Gissur segir námskeiðið hafa verið vel upp byggt og kennarana góða. „Ég hélt samt að þetta yrði léttara en það varð,“ jatar hann. „Þarna voru vissir hlutir sem ég þurfti að læra utanað, sem ég hef ekki gert síðan einhvern tíma í fyrndinni. Ég er vanur að taka inn mikið magn af upplýsingum daglega, vinna úr þeim og gleyma þeim svo aftur. Nú varð ég hins vegar að leggja margt á minnið til að nota seinna. Svo þarf að skilja undirstöðuna undir siglingafræðinni og hugsa allt út frá kortum því ef maður er með grunninn í kollinum þá má tölvan bíla. Við vorum líka látin reikna út stöðugleika skipa og þótt það hafi verið gert í vélum þá urðum við í það minnsta að skilja um hvað dæmin snerust.“

Siglingahermir var notaður til verklegra æfinga að sögn Gissurar en alvöru sjóferð er í sigti. „Skól-

Gissur er nýkominn með pungaprófið og hlakkar til að nota það til siglinga bæði hér við land og erlendis.



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

inn á að fá bát á þessu ári og þá fáum við gömlu nemendurnir að prófa hann, því var lofað við útskriftina,“ segir hann kampakátur en skyldi hann vera búinn að mynstra sig í skipspláss?

„Nei, nei. Ég hef samt verið talsvert á sjó í gegnum tíðina, einkum á skólaárunum. Þessi siglingaréttindi var ég bara að ná í til að leika mér og þá aðallega í útlöndum. Það er hægt að fá leigða báta úti um allar jarðir og með svona próf upp á vasann snarlækka tryggingagjöldin. Siglingareglur eru alþjóðlegar og öll kennslan er miðuð við að maður geti plumað sig erlendis. Að vísu þarf að snúa ýmsum hlutum við ef siglt er vestanhafs því þar er margt þveröfugt við okkar reglur. Það er svona eins og að keyra í Bretlandi í vinstri umferð-

inni.“ Gissur bendir líka á að ef hann sigli hér við Ísland þá geri hann það nú af fullu öryggi. „Það er nefnilega ekki nóg að starta bát og sigla af stað heldur þarf að huga að svo mörgu til að það verði þokkalega farsælt ferðalag,“ tekur hann fram.

Margir munu hafa verið á sama báti og Gissur í haust því hann segir fleiri hundruð manns hafa farið í gegnum pungaprófið. Fólk úr öllum þjóðfélagsstigum og á öllum aldri. „Ég var í 26 manna hópi og það segir dálítið um hvað aðgangurinn að sjávarauðlindinni er orðinn takmarkaður að aðeins einn úr þeim hópi ætlaði hugsanlega að nýta prófið til fiskveiða í atvinnuskyni. Hinir ætla allir að leika sér,“ segir hann og bætir við sposkur. „Svona er Ísland í dag.“

-gun

Byrjaði starfsferilinn á að stokka upp og beita

Ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar sameinuðust um áramótin. Sigurgeir Þorgeirsson, sem fram að þessu hefur unnið fyrir Bændasamtökin, settist þá í stól ráðuneytisstjóra og þarf nú að sinna sjómönnum líka.

„Þetta hefur gengið vonum fram- ar enda góður vilji beggja megin,“ segir Sigurgeir spurður hvernig sameining sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta gangi. „Breytingarnar fela óhjákvæmilega í sér að verkefni færast til og sumir taka við nýjum. Slíkt kallar á aðlögunarhæfni en gengur vel,“ segir hann og heldur áfram: „Hvað sjálfan mig varðar hef ég unnið við landbúnaðartengd störf fram

að þessu, rannsóknir, ráðgjöf og fleira hjá Bændasamtökunum í mörg ár. Það breytir því ekki að ég hef fylgst með sjávarútveginum alla tíð. Er alinn upp í sjávarplássi og var meira og minna í fjórundi á Húsavík fram yfir fermingu. Fyrsta launaða vinnan sem ég tók að mér var að stokka upp og beita og ég hef aldrei misst alveg sjónar á útgerð og því sem henni tengist. Ég er auðvitað enginn sérfræðingur í málefnum sjávarútvegs – langt í frá. Þessa dagana er ég að reyna að fóta mig og læra á ýmis viðfangsefni sem ráðuneytið þarf að takast á við.“

Spurður hvað sé athyglisverðast af því sem hann er að setja sig inn í svarar Sigurgeir: „Ekki síst hvernig fiskveiðistjórnunarkerfið virkar. Ég þarf að fara oft á Fiskistofu og læra um hvernig



Sigurgeir kveðst óneitanlega þekkjja betur til landbúnaðarmegin í ráðuneytinu en þessa dagana vera að læra á ný viðfangsefni sjávarútvegsmeigin.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

veiðieftirlitinu er háttáð og kynna mér löggjöf og reglur sem starfað er eftir. Ég á líka eftir að fræð-

ast meira um starf Hafrannsóknastofnunar. Þekki auðvitað betur til landbúnaðarmegin í ráðuneytinu.“

Sigurgeir segir ekki hafa komið til uppsagna hjá ráðuneytinum tveimur vegna sameiningarinnar enda hafi verið orðið undirmanna- að beggja megin. „Fólki fækkaði á síðasta ári því eftir að sameining komst á dagskrá var bara ráðið tímabundið í störf þeirra sem hættu. Hér var því talsvert færri fólk nú um áramótin en um áramótin í fyrra,“ segir hann.

Ýmsar breytingar urðu við sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Eitt er það að öll matvælamál falla undir nýja ráðuneytið sem voru á við og dreif áður. „Það eru gríðarlega mörg verkefni sem hrannast upp hjá þessu nýja ráðuneyti. Bæði vegna nýrrar matvælaggjafrá Evrópusambandsins og innleiðingar fjölda reglugerða þaðan sem verður ærinn pakki að glíma við.“

-gun



ÖRUGGT MERKI Í HÖFN

HEILDARÞJÓNUSTA VIÐ SKIP

N1 býður útgerðaraðilum heildarþjónustu á sviði eldsneytis og smurefna. Þá leggjum við áherslu á rekstrarvörur fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og fiskvinnslu. Með einu símtali getur þú pantað eldsneyti og rekstrarvörur hjá reynslumiklu fagfólki.

- Eldsneyti
- Smurolía
- Smurfeiti
- Útgerðarvörur
- Hlífðarfatnaður
- Rekstrarvörur
- Legur
- Verkfæri
- Hreinlætisvörur
- Efnavörur

Nám í rekstri og stjórnun



Sérhæft fyrir sjávarútveginn


Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Næst tekið inn haustið 2008.

zetor




FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR



"...vert að munda."

HÁPRÝSTIÞVOTTADÆLUR og annað það sem til þarf.....

- Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
- 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
- Ein fasa og þriggja fasa
- Bensín- eða glussa drifnar
- Háþrýstislöngur og fittings
- Spíssar og framlengingar
- Hvirfilspíssar (túrbó)



INTERPUMP



PULITECNO



TSX

Aquila



S. 580 5800 - Fax 580 5801
landvelar@landvelar.is

LANDVÉLAR

Smíðjuvegi 66 - 200 Kópavogur



STRAUMRÁS

Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288
straumras@straumras.is

Forsendur kræklingaræktar kannaðar

Nefnd skipuð af sjavarútvegsráðherra kannar nú forsendur kræklingaræktar hérlendis, en áætlað er að niðurstöður liggi fyrir á árinu.

Sjavarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hefur skipað nefnd til að kanna forsendur kræklingaræktar á Íslandi, stöðu hennar og möguleika með hliðsjón af umhverfi og líffræðilegum og rekstrarlegum forsendum. Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Borgunar hf., er formaður



Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Borgunar hf., fer fyrir nefnd sem kannar forsendur kræklingaræktar hérlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

nefndarinnar en hann segir vinnuna á frumstigi.

„Nefndin er að kanna hver sé sérstaða Íslendinga á markaðnum og hvort samkeppnisstaða okkar sé slík að fjárfestar fáist. Hingað til hafa menn náttúrulega verið að vinna skipulega og óskipulega að málinu, svo næsta skref yrði að færa það af frumkvöðlastiginu,“ segir Haukur, en ítrekar þó að málið sé enn á frumstigi. Því sé erfitt að spá fyrir um niðurstöurnar, sem áætlað er að nefndin skili ráðherra í skýrsluformi á þessu ári.

Að mati Hauks er þó margt sem mælir með kræklingarækt hérlendis. Verð á kræklingi sé til dæmis almennt að hækka og eins séu ákveðin framleiðslusvæði í Evrópu, svo sem í Danmörku, að lokast vegna mengunar. Mengunarreglur Evrópusambandsins hafi áður fyrir verið þrándur í götu kræklingaræktenda hérlendis, þar sem skeljar hafi á vissum svæðum við landið innihaldið meira magn af þungmálminum kadmíni en leyfilegt telst, eða yfir 1 mg. Hins vegar séu líkur á að banninu verði aflétt. Svo bendi margt til að hér sé hægt að framleiða hágæðavöru, en allt styrki þetta samkeppnisstöðu Íslendinga í kræklingarækt.

„Eins höfum við öðlast nokkra



Nefnd skipuð af sjavarútvegsráðherra kannar nú forsendur á kræklingarækt hérlendis.

NORDICPHOTOS/GETTY

reynslu af kræklingarækt, með því að gera tilraunir og þreifa okkur áfram,“ segir Haukur enn fremur og vísar þar með í kræklingaverkefnið sem Veidimálastofnun hélt utan um í samvinnu við fleiri aðila á árunum 2000 til 2005, en skilaði ekki viðunandi niðurstöðum.

„Verði það niðurstaða skýrsl-

unnar að góðar líkur séu á að hægt verði að stunda ábatasama kræklingarækt við Íslandsstrendur, þá mun nefndin gera tillögur til stjórnvalda um hugsanlegar frekari rannsóknir og uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem verða til stuðnings greininni,“ segir Haukur.

Spurður hvenær líklega verði farið af stað í rækt, skili nefndin jákvæðu mati, segir Haukur það enn óljóst. Á endanum verði það þeir sem leggi fé og vinnu í verkefnið sem ákveði það. Hins vegar telur hann að ekki sé spurning um að kræklingarækt verði að veruleika er fram líða stundir.

-rve

Meira pappírflóð en framleiðsla

Nefnd vinnur nú að því að skoða möguleika á kræklingarækt á Íslandi, en þetta er ekki í fyrsta sinn sem forsendur hennar eru kannaðar.

Árið 1999 samþykkti Alþingi þingsályktun um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt. Veidimálastofnun hélt utan um verkefnið, sem fjöldi innlendra jafnt sem erlendra aðila kom að. Valdimar Ingi Gunnarsson sjavarútvegsfræðingur vann að verkefninu meðan á því stóð, en hann segir rangar ræktunaraðferðir meginástæðu þess að ekki fór betur en á horfði.

„Eðlilegt var að hér ríkti þekkingarskortur. En menn voru heldur ekki með réttar útfærslur eða nógu fljótir að laga sína ræktun að aðstæðum. Menn voru fyrst ekki tilbúnir að sökkva línunum nægilega mikið svo kræklingur hrundi af. Einnig olli æðarfuglinn miklu tjóni í ræktuninni. Æðarfugl er vandamál sem kemur upp í mörgum löndum, en það má gera ráð fyrir að það minnki eftir því sem fyrirtæki verða stærri og umfangsmeiri.“

Valdimar segir þetta hafa leitt til þess að verk-



efnið skilaði ekki þeim niðurstöðum sem vonast var eftir en persónulega þótti honum vonbrigði að ekki skyldi einu sinni takast að uppfylla eftirspurn innanlandsmarkaðar.

Hann vonast því til að mönnum nýttist þær upplýsingar sem fengust út úr kræklingaverkefninu til að ná betri árangri næst. Á þeim tíma viðudu starfsmenn verkefnisins að sér viðamiklum upplýsingum sem hann telur að ættu að gagnast þessari grein í framtíðinni.

-rve

Kjöraðstæður til kræklingaræktar

Þegar kræklingaverkefninu lauk árið 2005 var aðeins eitt fyrirtæki sem hafði náð talsverðum árangri í kræklingarækt, Norðurskel í Hrísey, sem var stofnað árið 2000 eftir tveggja ára undirbúningsvinnu. Framkvæmdastjóriinn, Víðir Björnsson, segir að fjármögnun og réttar ræktunaraðferðir hafi bjargað fyrirtækinu.

„Þetta hefur gengið upp og niður, en þó aðallega niður. Meðal annars vegna þess að við fórum framman af eftir evrópskum ræktunaraðferðum, það er ræktun á línu,“ útskýrir Víðir og segir þá aðferð ekki hafa gengið upp, sérstaklega ekki þar sem mikið umrót sé í sjónum við stendur landsins.

„Þetta breyttist allt til betri vegar árið 2005 þegar við fengum til liðs við okkur innlenda fjár-



Víðir Björnsson, framkvæmdastjóri Norðurskeljar, segir fjármögnun og réttar ræktunaraðferðir hafa bjargað fyrirtækinu.

resta og höfum sama ár samstarf við Kanadamanninn Gary Rogers, sem rekur framleiðslufyrirtækið EOG Rogers. Hann lagði fjármuni og þekkingu í fyrirtækið og innleiddi aðrar ræktunaraðferðir, sökkvunarrækt, sem gagnast hér vegna mikillar hreyfingar í hafi. Auk þess er skelin tekin árgömul, flokkuð og sett aftur út í í sérstökum netsokkum.“

Norðurskel stendur því traustum fótum í dag að sögn Víðis. „Síðustu ár hefur ársframleiðslan ekki verið nema nokkur tonn, á bilinu tíu til fimmtán tonn á síðasta ári. Nú er verið að smíða tvo báta á Akureyri út frá hugmyndum Rogers sem verða búnir kanadískum tækjum og munu nýttast fyrirtækinu við ræktun, en stefnt er að 800 til 1.000 tonna ársframleiðslu árið 2010. Meirihluta hennar á síðan að flytja á erlenda markaði.“

Inntur eftir álitni á nefnd sem sjavarútvegsráðherra hefur skipað til að skoða forsendur kræklingaræktar á Íslandi, segist Víðir ekki efast um að hún skili góðum árangri, svo framarlega sem horft verði til Kanadamanna. Hér séu kjöraðstæður til kræklingaræktar sem megi nýta með réttum aðferðum.

-rve



Hinn 1. janúar 2008 voru skráð samtals 2.323 skip í skipaskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skemmtibátum fjölgar

Hinn 1. janúar 2008 voru samtals 2.323 skip skráð í skipaskrá, sem er fjölgun frá árinu þar á undan þegar 2.309 skip voru skráð. Að sögn Sigríðar Jakobsdóttur, starfsmanns hjá Siglingastofnun, bendir ýmislegt til að mest fjölgun hafi átt sér stað í röðum skemmtibáta.

„Ýmislegt gefur það til kynna, en það þyrfti að skoða það betur. Það er nefnilega oft þegar menn taka báta úr rekstri að þeir breyta þeim í skemmtibáta til einkanota. Það hefur aukist að fólk sé að leika sér að bátunum,“ segir hún og bætir við að þessir bátar geti verið allt að átta metra langir.

Skemmtibátarnir svokölluðu flokkast til opinna báta, sem hefur frá því að skráin var síðast birt árið 2007 fjölgað um nítján


báta, úr 1.181 í 1.200 báta, farið úr 7.014 í 7.106 brúttótonn. Ef horft er nokkur ár aftur í tímann voru þeir þá flestir árið 2003, þegar talan náði 1.273 bátum.

Á móti hefur þilfarsskipum fækkað örlítið, úr 1.128 í 1.123 skip, eða um fimm talsins. Flest voru þilfarsskipin árin 2003 og 2005 þegar þau voru 1.135. Á þurrlaugskrá er eitt skip, Keilir, 4.342 brúttótonn.

Sigríður bendir á að skipting af þessu tagi geti þó verið varhugaverð. „Skilgreining á því hvað er opið og hvað lokað er oft skritin. Opið gefur til kynna að allt sé opið en stundum er einfaldlega opið ofan í þilfarshús, sem mætti ætla að teldist lokað. Svo þarf ekki að vera, þannig að þetta er stundum á gráu svæði.

Nánari á www.sigling.is

-rve



Fjárfesting í hugviti

Marel Food Systems hefur með yfirtökum og innri vexti þróast í alþjóðafyrirtæki með sameinaða sölu- og þjónustustarfsemi fyrir fjögur heimsþekkt vörumerki, AEW Delford, Carnitech, Marel og Scanvaegt. Hvert um sig er leiðandi á sínu sviði og þekkt af áreiðanleika og framúrskarandi þjónustu.

Markaður hátæknilausna í matvælaíðnaði þróast nú ört. Með hagræðingu og samlegðaráhrifum höfum við náð forskoti í samkeppninni og stefnum að því að ná 15–20% markaðshlutdeild á næstu 3–5 árum.

- 25% vöxtur á ári síðastliðin 10 ár
- 15–20 byltingarkenndar hátækninýjungar á ári
- Rúmlega 2.000 starfsmenn
- Þróun og framleiðsla í 7 löndum, 60 sölu- og þjónustuaðilar í yfir 40 löndum
- Stærsti framleiðandi á sínu sviði í heiminum

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems

MEMBERS OF MAREL FOOD SYSTEMS

aew delford **carnitech** **marel** **scanvaegt**

NÝIR TÍMAR – NÝJAR LEIÐIR

TRAVAREKJUMK USA \ 9071579


Mynd: RAX

Ný siglingaleið

Eins og vatn finnur sér stöðugt nýja farvegi, leitar Eimskip sífellt nýrra leiða til að mæta síbreytilegum þörfum viðskiptavina sinna.

Nýtt siglingakerfi var tekið upp frá og með 1. janúar 2008. Bætt var við nýrri siglingaleið, Austurleið, sem tengir Danmörku, Svíþjóð, Noreg, Færeyjar, Bretland og Ísland. Auk þess voru smávægilegar breytingar gerðar á Norðurleið en Suðurleið hélst óbreytt.

Nýja kerfinu fylgir stórukin flutningsgeta og möguleikum fjölgar bæði í innflutningi og útflutningi. Að auki tryggir nýja siglingakerfið tíðari ferðir, traustari þjónustu og meiri áreiðanleika fyrir viðskiptavinum.





STAÐREYNDIR UM SKULDABRÉF

- Skuldabréf eru skilgreind sem einhlíða og skrifleg yfirlýsing skuldara um skyldu hans til að greiða öðrum aðila, sem oftast er nefndur kröfuhafi, peninga.
- Stærstu einstöku útgafendur skuldabréfa á Íslandi eru Íbúðalánasjóður, sem gefur út fjóra skuldabréfaflokka, og íslenska ríkið, sem gefur út fimm flokka.
- Heildarvirði húsbrefanna svokölluðu er um 480 milljarðar króna, en ríkisbrefanna um níutíu milljarðar króna. Heildarvirði skuldabréfa útgefnum af fyrirtækjum í landinu er um fjögur hundruð milljarðar króna.
- Kaupendur skuldabréfa hér á landi eru að stóru leyti sömu aðilar og hafa verið stórtækir í hlutabréfakaupum undanfarin ár; lífeyrissjóðirnir, erlendir fjárfestar, einkabankapjónustur, verðbréfa- og skuldabréfasjóðir auk hreinræktaðra spákaupmanna.
- Bréfin eru gefin út til mismunandi langs tíma. Þannig falla húsbrefin á gjalddaga eftir allt frá tíu árum og upp í 42 ár, eftir því um hvaða tegund er að ræða.

Þessi staðreynd segir hins vegar einungis hálfu söguna. Ávöxtunarkrafan, sem á ensku kallast yield, er það sem hinn almenni skuldabréfafjárfestir horfir til. Þegar markaðsvextir hækka, til dæmis upp í tólf prósent, er eins og gefur að skilja takmarkaður áhugi á skuldabréfi sem gefur tíu prósentu vexti. Fjárfestar geta þá gjarnan keypt bréf á undirverði, til að mynda borgað átta hundruð þúsund krónur fyrir skuldabréf sem er ein milljón að nafnvirði. Þetta er það sem kallast ávöxtunarkrafa.

Nú getum við lítið aftur til milljón króna skuldabréfsins sem rætt var um hér áðan. Ef þú greiðir nafnvirði bréfsins er ávöxtunarkrafan einfaldlega


tíu prósent. Sé þetta sama skuldabréf síðar keypt á átta hundruð þúsund hækkar hins vegar ávöxtunarkrafan upp í 12,5 prósent, auk þess sem handhafi fær eina milljón króna greidda á gjalddaga í stað þeirra átta hundruð þúsunda sem hann reiddi af hendi, kjósi hann að halda bréfinu svo lengi.

ÁR SKULDABRÉFANNA

Kaupendur skuldabréfa hér á landi eru að stóru leyti sömu aðilar og hafa verið stórtækir í hlutabréfakaupum undanfarin ár; lífeyrissjóðirnir, erlendir fjárfestar, einkabankapjónustur, verðbréfa- og skuldabréfasjóðir auk hreinræktaðra spákaupmanna. Gísli Hauksson segir marga þá sem nú stökkva inn á skuldabréfamarkað hafa verið umsvifamikla á markaðnum á árunum 1999 til 2003. Nú séu aftur að myndast aðstæður til skulda-

bréfakaupa. „Ég held að eftirspurn á markaðnum haldi áfram að aukast. Seðlabankinn lækkar líklega stýrivexti á fyrri helmingi ársins og lækkunarferlið verður tiltölulega hratt á þessu ári.“

Hann segist enn fremur gera ráð fyrir að lítið verði um útgáfu íbúðabréfa á næstunni, enda geri markaðsaðilar ráð fyrir að fasteignamarkaðurinn hægi á sér. Þá sé íslenska ríkið meira og minna skuldlaust, sem geri það að verkum að ekki sé sérstök ástæða til útgáfu ríkisbréfa önnur en sú að viðhalda vaxtastiginu. „Skammtímaskuldabréf og víxlar skiluðu mjög góðri ávöxtun á síðasta ári og búast má við að svo verði áfram. Skuldabréf sem gefin eru út til lengri tíma, eða milli langs tíma, munu hins vegar gefa enn betur af sér. Það má búast við því að næstu tvö árin verði skuldabréfafjórðingum góð.“




LIAR'S POKER EFTIR MICHAEL LEWIS Bókin þykir fanga þá stemningu sem ríkti á Wall Street á níunda áratuginum einstaklega vel. Fjárfestingarbankinn Salomon Brothers hagnaðist gríðarlega á örskömmum tíma á viðskiptum með húsnæðis-skuldabréf.

í kjölfarið yfirtekin af Travelers Group, sem nú heitir Citigroup, og er Salomon Brothers í dag deild innan Citigroup.

Liar's Poker öðlaðist þó ekki síður frægð fyrir nokkur ódauðleg orðatiltæki sem kynnt voru í bókinni og áttu rætur að rekja til dýrðardaganna á Wall Street. Þannig hefur „Big Swinging Dick“ fest sig í sessi sem orðatiltæki yfir miðlara sem nýtur velgengni.

- jsk



SAGAN Á BAK VIÐ MAGNÚS KRISTINSSON, ATHAFNAMANN

Útvegsmaðurinn í ólgusjó fjármálalífsins

Athafna- og útgerðarmaðurinn Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri Bergs-Hugins í Vestmannaeyjum, var talsvert í fréttum í síðustu viku í tengslum við fréttir þess efnis að lausafé fjárfestingarfélagsins Gnúps væri uppurið í kjölfar hruns á gengi hlutabréfa í Kauphöllinni og væri það í gjörgæslu þrátt fyrir að hafa samið við lánardrottna.

Magnús er stærsti hluthafi Gnúps ásamt Kristni Björnssyni en hvor þeirra fer með 43,5 prósent í félaginu. Aðrir hluthafar eru Birkir Kristinsson og Þórður Már Jóhannesson, forstjóri félagsins, sem jafnframt er fyrrverandi forstjóri Straums Burðarás.

Magnús fæddist í júlamánuðinum 1950

og stundaði sjóinn frá unga aldri líkt og Vestmannaeyinga er síður. Eftir nám í viðskiptafræði og ýmis störf fetaði hann í fótspor föður síns og gerðist framkvæmdastjóri Bergs-Hugins árið 1978.

Magnús hefur um árabil komið víða við í íslensku viðskiptalífi og vermt sæti í stjórnum fjölmargra félaga og sjóða sem margir hverjir tengjast sjávarútvegi.

Sum verkefni sem hann hefur farið fyrir hafa verið fengsæl en önnur ekki. Sem dæmi sá Magnús um stofnun fjárfestingarfélagsins Stoke Holding sem hafði þann tilgang einan að hafa umsjón með yfirtöku á enska knattspyrnufélaginu Stoke City árið 1999. Vel tókst til þótt væntingar fjárfesta hafi verið langt umfram árangur liðsins

innan vallar. Magnús, sem sat í stjórnarformannsstóli félagsins og var sá hluthafi sem setti hæstu fjárhæðirnar inn í reksturinn, sagði í samtali við Fréttablaðið sex árum síðar kaupin lélegustu fjárfestingu sína í áratug.

Magnús var einn stærstu hluthafa fjárfestingarfélagsins Straums þegar það sameinaðist Burðarási fyrir tæpum þremur árum en stóð upp fyrir Björgólfi Thor Björgólfssyni. Hræringar og órói innan stjórnar Straums-Burðarás og forstjóraskipti tæpu ári síðar ollu því að Magnús gekk á dyr ásamt Kristni Björnssyni með rúm 24 prósent hlutfjár í bankanum. FL Group keypti af þeim hlutina nokkrum dögum síðar á 47 milljarða króna í skiptum



fyrir hlutabréf í FL Group og Kaupþingi og myndar hluturinn kjölfestuna í Gnúpi. Félagið bætti við sig í FL Group og Kaupþingi eftir því sem á leið og átti þegar mest lét 20 prósent hlut í FL Group áður en halla tók undan fæti um mitt síðasta ár.

SPÁKAUPMAÐURINN

Sjortarar

Það er ágætt að taka einn góðan sjortara endrum og eins. Reyndar fín tilbreyting í gráum hversdagsleikanum. Og þá er ég ekki að tala um sprett með konunni heldur á hlutabréfamarkaðinum. Fjárfestar sem eru með allt niðrum sig hefðu betur lagt við hlustir. Og þá á ég ekki heldur við að hlusta á konuna heldur gamla manninn, Alan Greenspan, öldunginn sem sat sem seðlabankastjóri í Bandaríkjunum þar til fyrir stuttu og gaf út bráðskemmtilega sjálfsævisögu í fyrrasumar. Aðra spekinga má sömuleiðis hlusta á, þar á meðal kverúlantinn Jim Cramer sem ég gruna um að lauma trompi upp í nebbann sinn endrum og eins.

Greenspan og fleiri voruðu við því fyrir næstum ári að allt myndi fara fjandans til, svo maður beiti fyrir sig alþýðlegu orðalagi, máli manna sem greiningardeildir forða sér frá því að nota. Þeir sem lögðu við hlustir og kunnu að rýna í markaðinn notuðu eyrun og brugðust við. Og þá er ég að tala um menn eins og mig sem voru búnir að losa um hættulegustu stöðurnar í metverði áður en botninn hvarf og nota alla peningana sem skiluðu sér í hús til að kaupa fleiri hlutabréf en áður fyrir skid og ingenting. Þeir sem skelltu skollaeyrum við nýttu síðasta reytinginn af yfirdrættinum til að kaupa sér haglara og dósamat og fara í híði.

Tilbreytingin í annars dauðu hausti í fyrra var sjortararnir. Skortstöður á hlutabréfamarkaðinum sem hleypta blóðinu á hreyfingu. Jævla sem það kippir í að veðja á lækun. Reyndar næsta ómögulegt hér en þægilegra í útlöndum og þar hef ég rakað því líku inn upp á síðkastið að mér hefði aldrei komið það til hugar. Eins og aðrir gef ég ekki upp hvar ég stunda þetta, sem reyndar er ekki fyrir hjartveika. Þar er trúin heit, fólkið feitt, forsetinn ... ég kys að tjá mig ekki um það, og fáninn í sömu litum og okkar.

Spákaupmaðurinn á horninu

Lausafjárkreppan hjálpar Kaupþingi í Lúxemborg

Robeco-bankinn í Belgíu bættist nýlega við Kaupþing í Lúxemborg. Hann verður stökkpallur til frekari vaxtar og aukningar innlána hjá Kaupþingi. *Ingimar Karl Helgason* ræddi við Magnús Guðmundsson, forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, sem nú er í hópi stærstu banka þar í landi.

Það er sjálfsagt ekki til betri tími en nú til þess að sækja frekari innlán en þegar menn eru fremur hræddir á verðbréfamörkuðunum," segir Magnús Guðmundsson, forstjóri Kaupþings í Lúxemborg.

Kaupþing í Lúxemborg, sem Magnús hefur tekið þátt í að byggja upp, hefur vaxið mikið á um tíu ára starfstíma sínum og þar starfa nú um 250 manns. Nýverið stækkaði bankinn enn þegar belgíski bankinn Robeco var keyptur. Þar starfa 35 manns sem einkum hafa sinnt einkabankþjónustu. Magnús segir að Kaupþing í Lúxemborg stefni á frekari vöxt sem meðal annars mun byggjast á aukningu innlána, og þar sé belgíski bankinn Robeco lykilhekkur.

ÆTLA AÐ TÍFALDA INNLÁN

„Belgískir viðskiptavinir eru með annan áhættuprófíl en til dæmis Skandinávar. Það sést meðal annars á því hvernig þeir fjárfesta hjá Robeco. Helmingurinn af eignum viðskiptavina bankans er í bankainnistæðum eða þrjú hundruð milljónir evra af 650 milljónum heildareigna. Við sjáum Belgíu fyrir okkur sem stökkpall til þess að sækja fleiri innlán í framtíðinni," segir Magnús. Hann bætir því við að reynsla Kaupþings verði nýtt til þess að auka vöxtinn í Belgíu. Og markmiðin eru háleit. „Það er ekkert út úr kortinu að margfalda innlánin á næstu tveimur árum," segir Magnús.

Þetta markmið sé ekki óraunhæft, því við núverandi aðstæður leiti menn eftir því að leggja peningana inn. „Það eru góðar aðstæður til að safna innlánunum um þessar mundir.



MAGNÚS GUÐMUNDSSON För hans til Lúxemborgar bar brátt að. Síðan hefur bankastarfsemi Kaupþings þar vaxið mikið.



STARFSFÓLK ROBECO Kaupþing keypti nýlega belgíska bankann Robeco og vill tífalda innlán þar á næstu tveimur árum.

Það skýrist af verðfalli á mörkuðum. Menn leita með féð þar sem þeir fá örugga ávöxtun," segir Magnús. Lausafjárkreppan sem nú er í heiminum komi sér því líka vel fyrir Kaupþing.

Þá sé stór markaður í Belgíu. Þar búi ellefu milljónir manna, svo eftir nokkru sé að slægjast. Bankinn sé þegar farinn í kynningarherferð fyrir innlán sín.

TVEGGJA TÍMA AKSTUR

Robeco-bankinn starfar á tveimur stöðum í Belgíu, í Brussel og Antwerpen. Viðskiptavinir hans eru nú um sex þúsund. Bankastjóri er Þjóðverjinn Stephan Richter, en Magnús Guðmundsson vinnur einnig að stjórn bankans. „Ég tek nokkurn þátt í þessu. Þetta er bara tveggja tíma akstur frá Lúxemborg.“

Magnús segir að fyrri eigendur Robeco hafi í raun haft uppi á Kaupþingi en ekki öfugt. „Okkur þótti þetta áhugaverður kostur, því við vorum ekki með starfsemi í Belgíu. Við erum sennilega einir af fimm sem hefðu getað tekið þetta að sér. Stærri banki hefði líklega bútað Robeco niður og hirt bestu bitana. Með því að við tókum við bankanum er tryggt að fólk haldi vinnu sinni og að hann starfi áfram þar sem hann er nú," segir Magnús.

UPPHAFIÐ AÐ ÚTRÁSINNI

Kaupþing í Lúxemborg hefur vaxið mikið frá því að Magnús fór þangað út fyrir tæpum tíu árum. Þar sinnir bankinn einkabankþjónustu, fyrirtækjaráðgjöf, lánastarfsemi og verðbréfavíðskiptum.

„Það hefur gengið mjög vel hjá okkur hér í Lúxemborg undanfarnin tíu ár. Núna erum

við með 400 milljónir evra í eigið fé," segir Magnús.

Hann bætir því við að vöxturinn hafi verið mjög hraður. „Þegar við hófum starfsemi hér árið 1998 störfuðu 75 manns hjá móðurfélaginu á Íslandi. Nú eru 250 starfsmenn bara hér í Lúxemborg.“

„Þetta var upphafið að útrás bankans," segir Magnús, en Kaupþing starfar nú í þrettán löndum að Íslandi meðtöldu. Nú er Kaupþing langstærsta fyrirtæki landsins. Magnús segir að Kaupþing í Lúxemborg sé meðal 25 stærstu banka þar í landi, en þar séu 150 bankar með starfsemi. „Við erum líka vel þekkt hér í Lúxemborg. Samkvæmt nýlegri könnun vita 20 prósent Lúxemborgara af okkur.“

GOTT AÐ VERA GRÆNJAXL

Hermt er að þegar Magnús hélt til Lúxemborgar fyrir um tíu árum hafi það borið brátt að. Honum hafi verið réttur flugmiði og skjalataska og síðan hafi verið stofnaður banki. „Ja," segir Magnús og hlær, „og sendur á enskúnaðskeyði.“

„Við fórum þarna út saman, ég og konan mín, sem þá gekk með eldra barnið okkar, seldum allt sem við áttum heima og fluttum út. Nú höfum við verið í Lúxemborg í tíu ár og erum orðin fjögur.“

Magnús segist lítið hafa gert sér í hugarlund hvað biði þegar út var komið. „Auðvit að var ákveðin viðskiptaáætlun en stundum er ágætt að vera aðeins blautur á bak við eyrun. Þá tekur maður áhættu. Það er hægt að plana hluti út í hið óendanlega, fluga og gera markaðsáætlanir. En það þarf líka að framkvæma.“

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

FÓLK Á FERLI

TVEIR NÝIR HJÁ ÍSAFOLD

Gunnar Haraldsson hefur verið ráðinn sölu- og markaðsstjóri Ísafoldarprentsmiðjunnar.



GUNNAR HARALDSSON

Samhliða því hefur Ámundi Sigurðsson verið ráðinn sem sölu- og þjónustustjóri.



ÁMUNDI SIGURÐSSON

prentmarkaði. - jsk

Auglýsingasími

512 50 50

SJÁVARÚTVEGUR

Mesta aflaverðmæti frá upphafi vega

„Það er alltaf meiri og meiri eftirspurn eftir fiski,“ segir Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða.

Samkvæmt yfirliti reiknistofunnar hefur verðmæti afla sem seldur var hér á fiskmörkuðum í fyrra aldrei verið meira, eða 15,5 milljarðar króna. Verðmætið jókst um fimm prósent frá árinu á undan, þrátt fyrir að ríflega átta prósentum minna hefði verið selt en árið 2006. Hér eru undir allar tegundir sem seldar eru á fiskmörkuðum hérlandis.

Meðalverð á kíló hefur jafnframt aldrei verið hærra, eða 159 krónur.

Þorskvótinn var skorinn niður um þriðjung á þessu fiskveiðiári. Jón segir að hátt aflaverð mildi áhrifin af skerðingunni. „En hvort það nær að dekkja þetta er annað mál.“

Fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins að verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi dregist

nokkuð saman í desember, en sé engu að síður hátt í sögulegu samhengi.

Fiskafurðir eru um 40 prósent útflutningstekna. Fram kom í Markaðnum fyrir skömmu að afurðaverð erlendis væri í sögulegu hámarki. - ikh

VERÐMÆTIÐ

Verðmæti afla sem seldur var á innlendum fiskmörkuðum 2000-2007, í milljónum króna:	
2007	15.574
2006	14.822
2005	11.673
2004	11.300
2003	11.382
2002	13.755
2001	14.632
2000	11.560

STÓRÞORSKUR Á LANDI Þótt minna hafi veiðst í fyrra en árið á undan jókst aflaverðmætið umtalsvert.



ORKA & IÐNAÐUR



OLÍUGEYMAR Í ÖRFIRISEY Þeir gætu fyllst af íslenski olíu á næstu árum. Stefnt er að því að gefa út leyfi til olíuleitar að ári. Olíusérfræðingur hefur störf á Orkustofnun bráðlega.

Olíusérfræðingur ráðinn

„Við gerðum ekki ráð fyrir mörgum umsóknum og þjuggumst jafnvel við því að þurfa að auglýsa aftur,“ segir Kristinn Einarsson, yfirverkefnisstjóri hjá Orkustofnun.

Stofnunin hefur ráðið Þórarin Svein Arnarson, doktor í hag-

fræði, til starfa sem olíusérfræðing. Hann starfaði áður hjá Hafrannsóknastofnun.

Einn annar sótti um starfið.

Þórarinn Sveinn mun einkum vinna við fyrirhugaðar leyfisveitingar til olíuleitar á svonefndu Drekasvæði á Jan

Mayen-hrygg. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að veita leyfin eftir ár. Gera þarf ýmsar laga- og reglugerðarbreytingar vegna þessa og taka mörg ráðuneyti þátt í því. Þar á meðal eru iðnaðar-, fjármála- og umhverfisráðuneyti.

- ikh

LANDBÚNAÐUR

Hyggst afnema fóðurtoll

„Við erum að skoða að afnema kjarnfóðurtollinn. Það er mikill áhugi fyrir þessu í landbúnaðinum,“ segir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Einar segir að verð á áburði, kjarnfóðri og fleiru hafi hækkað hratt, því sé tollurinn í endurskoðun. „Þetta skýrist í mars í síðasta lagi, hvað verður.“

Tvö fyrirtæki framleiða kjarnfóður hér á landi, í heild um níutíu þúsund tonn á ári, en innflutningur er hverfandi. Guðbjörg Jónsdóttir kúabóndi gagnrýni í seinasta Markaði að lítil samkeppni væri á fóðurmarkaði, þar sem lítið væri um innflutning.

55 prósent tollur er á innfluttum fóðurblöndum. Tollurinn er svo endurgreiddur, að frátöldum þremur krónum og níutíu aurum á kíló. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt.

„Þetta eru bara bullandi viðskiptahindranir,“ segir Arnar



KJÚKLINGAR GÆÐA SÉR Á FÓÐRI Kjarnfóður er um helmingur kostnaðar við svína- og kjúklingarækt og stór kostnaðarliður hjá kúabændum.

Bjarni Eiríksson, bóndi og framkvæmdastjóri Landstólpa, sem flytur inn fóður. Ekki sé tollur á hráefni til fóðurgerðar. Þá fullyrðir hann að leggja þurfi út fyrir tollinum, stundum hundruð þúsunda, en endurgreiðslur

frá landbúnaðarráðuneytinu séu lengi á leiðinni.

„Menn hafa þrjú mánuði til að ganga frá greiðslunni og þegar það er komið, þá er þetta bara kredit,“ segir Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, sem bætir því við til skýringar að menn þurfi ekki að leggja út fyrir tollinum heldur aðeins nettóupphæðinni. Þá sé óvenjulegt að greiðslur frá ráðuneytinu tefjist, það hljóti að skýrast af því að menn hafi ekki sótt um niðurfellingu á tollinum strax.

„Þetta er bara ekki rétt. Ég hef stundum þurft að bíða mánuðum saman,“ segir Arnar Bjarni, sem fagnar því að tollurinn heyrir vonandi brátt sögunni til.

- ikh



Nýtt tákni um gæði

Kauptu Ford Expedition Nýtt tákni um eitthvað meira en frelsi

Ávinningur er hugtak sem hönnuðir Ford unnu með við endurhönnun Ford Expedition Limited Luxury. Hönnunarmarkmið Ford eða 'Ford Genuine Design' sýnir í verki einlægum vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Expedition merkir að þú færð sterkari og falgri bíl, betri akstur-seiginleika og meira öryggi. Aukna hljóðeinangrun með framrúðutækni Ford (Soundscreen) og nýjum efnum í innréttingu. Þú færð einnig meira rými. Og gæði á betra verði.

Skoðuðu verð og gæði. Ford Expedition Limited Luxury; 8 manna, 5.4i V8, 300 hö, 495 Nm: 6.190.000 kr. Bensín 16,8 l/100 km í blönduðum akstri. CO2 losun 425 g/km.*

Veldu rými - stærsta lúxusjeppa í heimi.** Stærri og meiri en helsti keppinauturinn frá Japan; Land Cruiser 200. Frelsi fylgir ábyrgð. Gerðu samanburð. Vertu 'genuine'. Komdu í Brimborg. Upplifðu aðrar hreyfingar. Loftþúðafjöðrun. Rafknúinn afturhlera. Bakkmyndavél. Reynsluaktu Expedition.



Öruggur staður til að vera á

DAÐUR Í LÍFI ...

Elínar Sigfúsdóttur,
forstöðumans fyrirtækjasviðs Landsbankans

Elín Sigfúsdóttir er forstöðumaður fyrirtækjasviðs Landsbankans. Hún starfar í höfuðstöðvunum í Austurstræti og vinnur oft langan dag.

7.30 Fór á fætur og í sturtu. Fékk mér morgunmat heima með manninum mínum. Börnin eru flutt að heiman svo þetta var einfalt að venju.

9.00-10.00 Útlánafundur á fyrirtækjasviði. Það er alltaf sama verkið milli nfu og tíu á morgnana, á hverjum einasta degi.

10.00-11.30 Hitti nokkra samstarfsmenn á fínum fundi um innri málefni bankans. Drukkum kaffi.

11.30-12.30 Tók ýmis símtöl og svaraði mörgum skilaboðum. Gekk vel inn í hádegisdag.

12.30 Hljóp út í 10-11 í Austurstræti. Borðaði þar eina samloku og drakk eina kók með. Renndi yfir Moggann því hann lá á borðinu þarna í búðinni.

13.00 Aftur inn að vinna. Byrjaði á því að taka nokkur símtöl um ýmis mál og þurfti svo að skrifa texta. Svar við fyrirsöfnun sem barst bankanum.

14.00 Fundur með viðskiptamönnum.

15.30 Fór ásamt samstarfsmönnum yfir mál nokkurra viðskiptavina á reglulegum fundi.

16.30 Fundur með viðskiptavini.

17.00 Fór ásamt mörgum samstarfsmönnum á nokkuð stórum fundi yfir kynningarefni. Við erum að undirbúa efni til að kynna bankann bæði hérlendis og erlendis. Var langur og mikill fundur.

20.30 Búin í vinnunni. Fór í búð og keypti í kvöldmatinn. Fór heim og kláraði að fara yfir blöðin meðan ég borðaði. Kíkti svo aðeins á sjónvarpið. Horfði á Ugly Betty, sem ég get ekki neitað að mér finnst nokkuð skemmtileg. Þá var klukkan allt í einu orðin tólf og ég fór í háttinn.



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR Á þönum en alltaf í sambandi enda vinnudagurinn langur. Hún fer á marga fundi yfir daginn og svarar fjölmörgum erindum og fyrirsöfnunum. MARKAÐURINN/EYÞÓR

FRÍSTUNDIN



STOLTUR MEÐ DÝRGRIPINA Ásgeir Davíðsson veitingamaður er einhver ötulasti viskíafnari landsins. Hann sýnir hér dýrgrípi úr safni sínu og skjal sem vottar aldur og innihald forláta flösku af Macallan-viskí sem hann festi kaup á fyrir um áratug. MARKAÐURINN/AUDINN

Með 600 flöskur í læstum skáp

Einn helsti viskíáhugamaður landsins er Ásgeir Davíðsson. Hann hefur komið sér upp ómetanlegu safni og er enn að bæta í.

„Ég var að koma frá Edinborg í Skotlandi þar sem ég skoðaði viskíverksmiðjur og heimsótti meðal annars Glenkinchie,“ segir athafnamaðurinn Ásgeir Davíðsson, stundum kenndur við skemmtistaðinn Goldfinger. Geiri, eins og hann er kallaður, er einhver umsvifamesti viskíafnari þjóðarinnar og ötul áhugamaður um veigarnar.

„Á barnum er ég náttúrulega með töluvert af góðu viskí, en ef ég á að segja eins og er þá er ég með hitt læst inni í peningaskáp. Þar er ég með einhverjar 600 flöskur,“ segir Geiri. Viskíið áskotnast honum með ýmsum leiðum, sumt kaupir hann í sérverslunum á ferðalögum erlendis og pantar annað. „Svo hringja þeir nú stundum í mig strákarnir hjá umboðunum, af því þeir vita af viskíáhuganum, og bjóða mér eitthvert viskí sem þeir vita að ég á ekki.“ Þá

segist Geiri líka stundum hafa fengið upphringingar þar sem honum er boðið að kaupa vín sem til er í dánarbúi. „Þá hefur það kannski verið frá mönnum sem voru að safna í gamla daga, svona í kringum 1950. Ég held ég eigi einhverjar 30 til 40 flöskur sem eru yfir 50 ára gamlar,“ segir hann, en bætir um leið við að það séu bara flöskurnar, en ekki bruggunin. Viskí hættir nefnilega að eldast þegar það er komið á flösku, en fram að þeim tíma er það látið þroskast í eikartunnum. „Úr einu slíku safni fékk ég flöskur þar sem eigandinn hafði skrifað á hverja flösku hvenær hann hafði keypt hana. Til dæmis annar febrúar 1951 og svo önnur einhvern tímann í janúar 1948. Svo var verðmiðinn á þeim líka.“

Safnið hjá Geira var komið á stafrænt form í skrá í tölvunni hans svona til þess að auðvelda

utanumhald. „En svo missti ég allt út úr tölvunni og verið er að reyna að finna það núna. Tölvun er í viðgerð og ég vona bara að skráin sé þar enn þá.“

Ekki stendur á svari þegar Geiri er spurður hvaða tegund sé nú í uppáhaldi hjá honum. „Lagavulin er eitt flottasta viskí í heimi og hefur alltaf fengið frá 75 og upp í 95 stig í öllum viskíklúbbum í heiminum, en er samt á viðráðanlegu verði. En svo er líka hægt að fara í Macallan, sem er svona snobbviskí og þá eru menn komnir í dýrari flokk,“ segir hann og bætir við að nýverið hafi ein flaska frá Macallan, frá árinu 1927 eða þar um bil, farið á um 3,5 milljónir króna á uppboði. „Ég á sjálfur eina frá árinu 1946. Hún kostaði um milljón fyrir tíu árum þegar ég keypti hana,“ segir hann en viskíið hafði þá fengið að vera á tunnu í ein 52 ár. - óka

Lúxus í háloftunum

Loftleiðir hafa í tæp sex ár flogið með ríka Ameríkana hringinn í kringum heiminn. Ferðin kostar fimm milljónir króna og varir í mánuð.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Viðskiptavinir okkar eru sterk-efnaðir Bandaríkjamenn yfir miðjum aldri, fyrrum forstjórar og stjórnendur bæði úr fjármálaheiminum og öðrum geira, sem eru sestir í helgan stein,“ segir Guðni Hreinnsson, framkvæmdastjóri Loftleiða. Ein vél frá flugfélaginu er nýtt á hverjum vetri til að fljúga með farþega til framandi áfangastaða um heim allan. Flugmiðinn kostar um fimm milljónir króna en ferðin getur tekið allt frá 20 dögum upp í mánuð.

Loftleiðir hafa í fimm og hálf tæp ár nýtt eina af vélum sínum, sem alla jafna er í áætlanaflugi undir merkjum Icelandair á sumrin, til útleigu yfir vetrartímann. Guðni segir að upphaflega hafi Loftleiðir, sem er dótturfélag Ice-

landair Group, náð samningum við bandarísku ferðaskrifstofuna Star Quest Expedition, sem sérhæfir sig í ferðum fyrir efnafólk til framandi áfangastaða víða um heim. Flugfélagið hafi eftir að fyrsta samningnum var landað tekið eina Boeing 757-vél frá að hausti, tekið innréttingar út og breytt vélinni að innan. Miklu hafi munað að taka þau 190 sæti sem almennir farþegar verma í áætlanafluginu á sumrin en þeim var skipt út fyrir hundrað sæti. Þannig hafi orðið til talsvert pláss sem hinir efnamiklu farþegar gátu nýtt eftir eigin höfði. Umbreyting á vélinni tekur alla jafna ekki langan tíma. En er á tíðum krefjandi enda úrlausnar-efnin fjölbreytt, að sögn Guðna.

Loftleiðir er nú með langtíma-samning við aðra ferðaskrifstofu í Bandaríkjunum, Aber, Crombie

& Kent, sem sinnir sama kunnahópi. „Þá tókum við hugmyndina lengra, skiptum öllum sætunum út fyrir 52 leðursæti og bjuggum til setustofu með bar aftast í vélinni. Þar geta átta til sextán farþegar setið til borðs,“ segir Guðni. Aðstaða er sömuleiðis fyrir glærukynningar í vélinni fyrir fararstjórana, sem eru í virtari kantinum, stundum frá tímaritinu National Geographic og Smithsonian-safninu sem gjarnan styrkja ferðirnar með ýmsu móti. Þá er matreiðslumaður um borð sem kaupir hráefni á hverjum áfangastað og býður farþegum framandi rétti þegar á loft er komið, stundum næsta dag eða tveimur dögum síðar. Áfangastaðirnir eru oftan en ekki utan alfaraleiða, svo sem borgin Ulan Bator í Mongólíu og hin sögufræga Páskaeyja í Kyrrahafi. Styttir




ÚR SETUSTOFU LÚXUSPOTU LOFTLEIÐA Loftleiðir, dótturfélag Icelandair, leigir eina af vélum sínum til lúxusferða með sterkefnaða Bandaríkjamenn yfir miðjum aldri og flýgur til framandi áfangastaða víða um heim. MARKAÐURINN/ARNI TORFASON

ferðir eru einnig farnar, svo sem til Suður-Ameríku, og farmiðinn þangað eðlilega lægri.

Öll áhöfn vélarinnar er íslenskt starfsfólk Icelandair og segir Guðni að skiljanlega sé nokkur ásókn á meðal þeirra að fljúga í þessum lúxusferðum. „Þetta er tilbreyting fyrir starfsmennina,“ segir Guðni og bendir á að menn hafi gaman af verkefninu á öllum

stigum málsins, allt frá þeim sem breyti vélunum til starfsfólks sem fljúga með þeim.

„Ferðir sem þessar kosta mikla undirbúningsvinnu. Allt þarf að vera 100 prósent,“ segir Guðni og bætir við að farþegar séu almennt ánægðir með ferðirnar. „Það hefur komið fyrir að farþegarnir bóki sína næstu ferð á meðan einni stendur,“ segir hann.



Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálfu.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is
...ég sá það á visir.is



BANKHÓLFID

Endurnýjun

Mikið reynir á Fjármálaeftirlitið í þeim þrengingum sem verið hafa á fjármálamörkuðum. Þegar við bætist að fjármála-fyrirtæki hafa sogað til sín lögfræðinga og viðskiptafræðinga er erfitt að manna alla pósta stofnunarinnar. Mikil blóðtaka hefur verið á verðbréfasviði FME. Hlynur Jónsson sviðsstjóri hefur sagt upp störfum ásamt Einari Jónssyni og ætla þeir félagar að stofna lögmennstofu. Kristjana Grímsdóttir, sem er einn reyndasti starfsmaður verðbréfasviðs, hefur líka sagt upp. Þegar þetta fólk hættir hefur orðið algjör endurnýjun í starfslíði þessa tiltekna sviðs frá því í nóvember á síðasta ári samkvæmt heimildum Markaðarins.



Það hlýtur að gera forstjóra FME erfitt fyrir, enda fréttist af nýútskrifuðum lögfræðingum vera að sinna mikilvægum málum.

Tamimi fer

Enn kvarnast úr þeim hópi sem byrjaði í Glitni í tíð Bjarna Ármannssonar forstjóra. Einar Páll Tamimi hefur hætt störfum sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Glitnis og við starfinu tekur Hörður Felix Harðarson. Einar Páll hefur starfað hjá bankanum frá árinu 2004 og staðið sig vel að margra mati. Eins og stundum þegar margt er að gerast í fyrirtækjum þá má alltaf gera eitthvað betur eins og kom í ljós í athugasemdum FME við viðskiptahætti í verðbréfavíðskiptum Glitnis rétt fyrir áramót. Einar Páll hefur stjórnað stórum hópi fólks um leið og hann hefur verið lykilmaður sjálfur í stórum verkefnum. Kunnugir segja að hann hafi viljað draga úr álagi. Hörður passar vel inn í hlaupamañiuna sem einkennir marga starfsmenn Glitnis. Í fyrra hljóp hann 21 km í Reykjavíkumaraþoninu á 1:47:17 og bætti sig um tæpar 8 mínútur milli ára. Greinilega gott efni í forstjóra þar á ferð.

Rétt slapp

Birkir Kristinsson, bróðir Magnúsar og fyrrum landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, var ekki í eiginahópi Gnúps þegar tilkynnt var um endurskipulagningu félagsins, líkt og fram kom í flestum fjölmiðlum. Félag Birkis, BK-42, átti sjö prósent hlut í Gnúpi en virðist hafa náð að losa bréfin áður en til uppgjörs við lánardrottna kom. Stærstu eigendur Gnúps, þeir Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson, virðast hafa skipt eignarhlut Birkis bróðurlega á milli sín, og voru stærstir og jafnir í félaginu þegar til uppgjörsins kom með 47,2 prósent hlut hvor. Þórir Már Jóhannesson á það sem eftir stendur.

45 milljarðar. Eigið fé Gnúps um mánaðamótin ágúst/september.

3,1 milljarður. Meðalvelta á viku á fasteignamarkaði síðustu fjórar vikur.

5,5% Stýrivextir í Bretlandi sem ákveðið var að halda í horfinu í vikunni.

118

ja.is

Símaskráin



VERTU ÁBERANDI Í SÍMASKRÁNNI



Auglýsingum í Símaskrána 2008 þarf að skila fyrir 31. janúar

Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2008 fer senn að ljúka.

Auglýsing í Símaskránni er með þeim áhrifameiri sem völ er á því hún er einn **mest notaði miðill** landsins þegar leitað er að **upplýsingum um fyrirtæki**. Þegar fólk tekur upp Símaskrána hefur það þegar tekið ákvörðun og á aðeins eftir að finna númer og hafa samband.

Ef þú þarft að breyta auglýsingu hafðu þá samband við ráðgjafa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@ja.is**.

já

– er svarið



Valsað ál fyrir þök og vegg

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is